



Vatnsdalsvegur (722-01) í Húnabyggð

Hringvegur - Undirfellsrétt

Kynningarskýrsla

Vegagerðin – Norðursvæði og Hönnunardeild

Desember 2024

Samantekt


Vegagerðin kynnir hér með endurbyggingu Vatnsdalsvegur (722) á 14,9 km löngum kafla í Vatnsdal í sveitarfélaginu Húnabyggð. Vegurinn er hluti af grunnkerfi samgangna en núverandi vegur er með malaryfirborði og uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Endurbyggingin er innan byggðarinnar í Vatnsdal á kaflanum frá Hringvegi (1) að Undirfellsrétt og fylgir að mestu núverandi vegi en á tveimur stöðum, við Hnjúk og Helgafell, er vikið lítillega frá núverandi vegi til að bæta öryggi vegarins.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur um Vatnsdal. Framkvæmdin er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að auka umferðaröryggi og að leggja vegi bundnu slitlagi.

Efnistaka er fyrirhuguð úr skeringum meðfram vegi og þremur námum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Vatnsdalsvegi falla undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Tilkynna þarf framkvæmdina til Skipulagsstofnunar því framkvæmdir verða á meira en 5 km löngum kafla og innan verndarsvæðis.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi veruleg jákvæð áhrif á bættar samgöngur og bætt umferðaröryggi vegfarenda. Þegar framkvæmdum við kaflann lýkur verður komið búið slitlag á þennan hluta Vatnsdalsvegur.



↑ Mynd 1

Fyrirhugað framkvæmdasvæði afmarkað með svörtum feringi. Búið slitlag er rautt.

Efnisyfirlit

Samantekt	1
1 Yfirlit	4
1.1 Almennt	4
1.2 Markmið framkvæmdar	4
1.3 Matsskylda	4
1.4 Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar	5
1.5 Rannsóknir	6
1.6 Staða skipulags	6
1.7 Verndarsvæði	8
1.8 Lög og leyfisveitendur	13
2 Staðhættir á framkvæmdasvæði	15
2.1 Staðhættir	15
2.2 Núverandi vegur	16
2.3 Samgöngur og umferðaröryggi	22
3 Kostir og framkvæmdalýsing	24
3.1 Valkostir	24
3.2 Framkvæmdalýsing	24
3.2.1 Endurbyggður vegur	24
3.2.2 Ræsi	25
3.2.3 Efnispörf	25
3.2.4 Efnistaka	26
3.2.5 Vegtengingar	32
3.3 Frágangur	32
3.3.1 Núverandi vegur	32
3.3.2 Áningarstaðir og reiðleið	32
3.3.3 Námur og önnur röskuð svæði	33
3.4 Vinnubúðir og aðstaða verktaka	33
3.5 Mannafloppörf	33
3.6 Mannvirki	33
3.6.1 Vatnsveita	34
3.6.2 Raflínur - rafstrengir	34
3.6.3 Fjarskipti	34
3.7 Framkvæmdatími og kostnaður	34
3.8 Rekstur	34
4 Umhverfis- og framkvæmdaþættir	44
4.1 Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum	44
4.1.1 Vegagerð	44
4.1.2 Efnistaka	44
4.2 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum	44
5 Möguleg umhverfisáhrif	45
5.1 Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta	45
5.2 Heilsa, öryggi og samgöngur	47
5.3 Landnotkun	48
5.4 Landslag	49

5.5 Jarðmyndanir og vatnshlot.....	50
5.6 Vistgerðir og gróðurfar	55
5.7 Fuglar og spendýr.....	58
5.8 Fornleifar	59
6 Veðurfar og náttúruvá.....	64
6.1 Veðurfar	64
6.2 Náttúruvá	64
7 Mótvægisaðgerðir	65
7.1 Samráðsaðilar	66
8 Niðurstaða	68
9 Heimildir	71
10 Fylgiskjöl.....	73
11 Teikningar.....	74

Lofthmynd á forsíðu frá Lofthmyndum ehf.

Hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

1 Yfirlit

1.1 Almenn

Fyrirhugað er að endurbyggja Vatnsdalsveg (722) á **14,9 km** kafla frá Hringvegi að Undirfellsrétt.



↑ Mynd 2

Vegamót Hringvegur og Vatnsdalsvegur (loftmynd: Loftmyndir ehf).

Áætluð efnisþörf nýs og endurbyggðs vegar er **um 187 þús. m³** og er gert ráð fyrir að tæplega **10 þús. m³** komi úr skeringum en rúmlega **177 þús. m³** komi úr námum.

Vegagerðin áætlað að vegurinn verði endurbyggður á árunum 2025-2026 og hægt verði að taka mannvirkið í notkun haustið 2026. Mannvirkið verður í notkun á framkvæmdatíma.

1.2 Markmið framkvæmdar

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur um Húnabyggð. Einnig að auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari og öruggari samgöngum.

Ekki er um styttingu að ræða heldur fyrst og fremst vegabætur sem ættu að stuðla að aukinni greiðfærni samgangna.

1.3 Matsskylda

Fyrirhuguð framkvæmd á Vatnsdalsvegi fellur undir 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, 1. viðauka, tölulið 10.08, flokk B og 1. viðauka, tölulið 2.02, flokk B. Því þarf að tilkynna hana til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati. Einnig verða framkvæmdir

innan verndarsvæða, sbr. formála 1. viðauka, iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. Framkvæmdin verður að hluta til innan svæða á náttúruminjaskrá.

- 2.02 „Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.“
- 10.08 „Lagning nýrra vega eða enduruppbygging eða breikkun vega utan þéttbýlis sem ekki eru tilgreindir í tölul. 10.06 eða 10.07 sem eru a.m.k. 5 km.“

Í tilkynningu framkvæmdar eru talin upp þau áhrif sem talið er að framkvæmdin geti haft á umhverfispætti og tekin ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar út frá þeim.

1.4 Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði vegar, vegtenginga og náma getur haft áhrif á eftirtaldar jarðir:

↓ Tafla 1

Jarðir sem fyrirhuguð framkvæmd getur haft áhrif á.

Heiti jarðar	Landeigna-númer	Vegur	Náma	Möguleg stærð námu	Á aðal-skipulagi
Sveinsstaðir	L 144729	x	Útvíkkuð skering	600 m ² 2.500 m ²	nei
Sveinsstaðarétt	L 227455	x			
Litlu Sveinsstaðir	L 221013	x			
Vatnsdalshólar	L 144732	x	Útvíkkuð skering	5.000 m ²	nei
Miðhús	L 144725	x			
Breiðabólstaður	L 144702	x			
Hnjúkur	L 144716	x	Hnjúksnáma	104.500 m ²	Já E3
Norðurborg	L 230138	x			
Helgavatn	L 144710	x			
Flaga	L 144657	x			
Flaga land	L 220468	x			
Flaga land	L 194675	x			
Vinaminni	L 144658	x			
Gilsstaðir	L 144667	x			
Kornsá 2	L 144685	x			
Kornsá 1	L 144684	x	Nautabúsnáma	14.400 m ²	nei
Nautabú	L 144691	x			
Undirfell	L 144697	x			
Nautabú 2	L 235138	x			
Nautabú lóð 1	L 218031	x			
Brekkukot	L144707		Brekkukotsnáma	36.200 m ²	Já E8

Námur verða í landi Hnjúks, Kornsár 1, Nautabús, Brekkukots og mögulega Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. Tvær þeirra, Hnjúksnáma og Brekkukotsnáma, eru stærri en 2,5 ha og efnismagn úr Hnjúksnámu er meira en 50.000 m³.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, vegna bættra og öruggari samgangna, nær til allra sem leið eiga um Vatnsdalsveg á þessum kafla.

Framkvæmdin afmarkast af byggingu vegarins og efnistöku. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer undir vegagerð er á tæplega 15 km kafla. Almennt er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í útboðsgögnum. Rekstur mannvirkisins og viðhald tekur við eftir að framkvæmd lýkur.

Vatnsdalsvegur er tengivegur og því er veghelgunarsvæði hans 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar liggur að mestu innan veghelgunarsvæðis núverandi vegar. Það verður nokkuð mismunandi breitt, því vegurinn verður ýmist lagður á fyllingu eða í skeringu. Þar sem hann liggur á fyllingu á flötu landi er framkvæmdasvæðið frá 12,0 m á breidd við stöð 7270 en breiðasta fylling er 40 m við stöð 6590. Skeringar eru almennt ekki miklar, en breiðasta skering er um 32 m breið við bæinn Helgavatn, við stöð 6830.

1.5 Rannsóknir

- Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna auk þess sem rannsókn á mögulegum efnistöku- og stöðum hefur farið fram.
- Fornleifastofnun Íslands var fengin til að skrá fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Samráð var við Minjavörð Norðurlands vestra um rannsóknarþörf vegna framkvæmdarinnar.

Ekki var talin þörf á öðrum rannsóknum vegna könnunar á matsskyldu framkvæmdarinnar.

1.6 Staða skipulags

Í gildi er Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010–2022. Í greinargerð aðalskipulags Húnavatnshrepps, kafla 3.4 um samgöngur og veitur, kemur fram að stefna sveitarfélagsins í vegsamgöngum sé meðal annars að bæta samgöngur, auka öryggi vegfarenda og byggja upp og leggja bundið slitlag á tengivegi sem eru með malar slitlagi. Fram kemur að á Vatnsdalsvegi eru slæmir vegkaflar sem þarfnast styrkingar og endurbyggingar eða hækkunar vegna snjósöfnunar.¹


Í aðalskipulagsgreinargerð kemur fram að Vatnsdalsvegur er 52 km langur. Hann liggur til suðausturs frá Hringvegi (1) við Sveinsstaði fram Vatnsdal vestanverðan, yfir Vatnsdalsá við bæinn Grímstungu og út dalinn austanverðan. Tengist Hringvegi (1) aftur rétt norðan Hnausatjarnar við Aralæk.

Á aðalskipulagsupphætti Húnavatnshrepps (mynd 3) er núverandi vegur sýndur. Meðfram honum er gert ráð fyrir reiðleið að austanverðu. Engin breyting er sýnd á legu vegarins á þessum kafla, en skammt innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er sýndur nýr vegur sem þverar dalinn. Í aðalskipulagsgreinargerð segir:

¹ Landmótun, 2010, bls. 50.

„Nýr vegur verður lagður af Vatnsdalsvegi vestanverðum við Undirfellsrétt í Vatnsdal, yfir Vatnsdalsá og komið aftur inn á Vatnsdalsveg nokkru norðan við bæinn Hof. Alls er um 1,7 m langan veg að ræða ásamt brú á Vatnsdalsá.“²

Sú framkvæmd er ekki hluti af þeirri framkvæmd sem hér er kynnt.



↑ Mynd 3

Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010 - 2022, hluti af sveitarfélagsuppdrætti. Kaflinn um Vatnsdal (Landmótun, 2010). Ný þverun Vatnsdals sýnd skammt innan við Undirfell.

² Landmótun, 2010, bls. 53.

Í aðalskipulagsgreinargerð eru gulir hringir merktir með þ á uppdrætti skilgreindir sem friðlýstar fornleifar. Nokkrar slíkar er að finna í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Fjallað er um þær í kafla 1.7.

Í Vatnsdalshólum er íþróttasvæðið O1. Í aðalskipulagsgreinargerð kemur fram að á svæðinu sé íþróttavöllur. Unnið verði áfram að uppbyggingu íþróttasvæðis sem nýtist til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar. Stærð svæðis sé 2,8 ha. Ofan við námu E8 í landi Brekkukots er skilgreint frístundahúsasvæði F3. Í aðalskipulagsgreinargerð kemur fram að á svæðinu sé heimilt að gera ráð fyrir byggð frístundahúsa og að stærð svæðis sé 20 ha.

Við suðurjaðar Vatnsdalshóla við Flóðið er þjónustusvæðið V14 merkt á aðalskipulagssuppdrætti. Þar er veiðihúsið Flóðvangur/Þórdísarlundur.

Við Undirfellsrétt er þjónustuhús sem merkt er V6 á aðalskipulagssuppdrætti. Undirfellsrétt í Vatnsdal hefur lengi verið ein af stærstu réttum landsins, og er enn, þótt fjárfjöldinn sé mun minni en hann var þegar flest var. Núverandi rétt var byggð árið 1976. Við hliðina á réttinni var reist aðstöðuhús með hreinlætisaðstöðu fyrir nokkrum árum og nefnist það Fellsbúð.

Undirfellskirkja er þjónustustofnun og hún er merkt með appelsínugulum hring, S5 á aðalskipulagssuppdrætti. Um hana segir í aðalskipulagsgreinargerð:

„Undirfell er eyðibýli, kirkjustaður og fram til 1906 prestssetur í vestanverðum Vatnsdal. Núverandi kirkja á Undirfelli er all veglegt steypuhús sem byggt var sumarið 1915 eftir teikningu Rögnvalds Ólafssonar húsameistara.“³

Á skipulagssuppdrætti er sýnt eitt frístundahúsasvæði, F20 við Flögu, sem er í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Fram kemur að á svæðinu hafi verið reist þrjú hús. Um sé að ræða mólendi ofan vegar. Landinu halli lítilega mót austri innan um skógrækt. Svæðið sé fullbyggt og stærð þess 4,1 ha.

Hnúksnáma E3 í landi Hnúka og Brekkukotsnáma E8 í landi Brekkukots eru malarnámur á aðalskipulagi.

Nautabúsnáma og mögulega útvíkkaðar skeringar í Vatnsdalshólum eru ekki á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 en unnið er að breytingu á skipulagi í samráði við Húnabyggð.

Miðað er við að færsla Vatnsdalsvegar verði lítil og að ekki þurfi að breyta aðalskipulagi vegna endurbyggingar vegarins.

Á sama tíma og matsskylda framkvæmdarinnar er könnuð hjá Skipulagsstofnun verður samráð við Húnabyggð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 um breytingar á aðalskipulagi.

→ Gerðar verða breytingar á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, vegna mögulegra náma.

1.7 Verndarsvæði

Á aðalskipulagssuppdrætti (Mynd 3), má sjá að fyrirhugað framkvæmdasvæði er á og við fjögur verndarsvæði, en tekið skal fram að svæði nr. 407 og 408 skarast við Vatnsdalshóla þar sem Vatnsdalsvegurinn liggur:

→ Vatnsdalshólar, svæði nr. 407 á náttúruuminjaskrá

³ Landmótun, 2010, bls. 22.

- Eylendið, Flóðið og Húnavatn, svæði nr. 408 á náttúruminjaskrá. Svæðið var í náttúruverndaráætlun 2009-2013
- Kattarauga, friðlýst svæði
- Hóp Vatnsdalur, alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði

Á aðalskipulagsupphætti (Mynd 3) má sjá að friðlýstar fornleifar eru á nokkrum stöðum í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

407. Vatnsdalshólar, Sveinsstaðahreppi, A-Húnavatnssýslu

Vatnsdalsvegur (722) liggur á tæplega 2,9 km löngum kafla innan Vatnsdalshóla, milli stöðva 0-2890. Um það segir í náttúruminjaskrá:

„ (1) Hólarnir vestan Hnausakvíslar og Flóðsins milli þjóðvegjar og Þórdísarlækjar í löndum Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. (2) Fjöldi framhlaupshóla úr Vatnsdalsfjalli, flæðiengi og tjarnir (www.ust.is).“

408. Eylendið, Flóðið og Húnavatn, Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi, A-Húnavatnssýslu

Vatnsdalsvegur (722) liggur á tæplega 1,1 km löngum kafla innan Eylendisins, Flóðsins og Húnavatns. Milli stöðva 1250-1500 og 1770-2600. Svæði 407 og 408 skarast og Vatnsdalsvegur liggur hvergi eingöngu innan svæðis 408. Um það segir í náttúruminjaskrá:

„ (1) Húnaós, Húnavatn, Hnausakvísl með bökkum og hólum, eylendið frá Giljár-eyrum suður undir Hnausa. Flóðið og óshólmur Vatnsdalsár í Vatnsdal. (2) Flæðimýrar, óshólmur og vötn með fjölbreyttu lífi. Vatnsdalsá (www.ust.is).“

Kattarauga, Áshreppi

Friðlýsta svæðið í kringum Kattarauga er í 14 m fjarlægð frá útskoti á Vatnsdalsvegi (722). Um það segir í Stjórnunar og verndaráætlun 2018-2027 fyrir Kattarauga, Húnavatnshreppi frá apríl 2018:

„Kattarauga var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Tjörnin Kattarauga er all djúpur pyttur sem í eru tveir fljótandi hólmur sem reka undan vindi. Mikið og stöðugt rennsli er í gegnum tjörnina. Í botni tjarnarinnar er lindarauga sem glittir á þegar logn er og bjartur dagur. Af lindarauganu dregur tjörnin nafn sitt. Gróður á svæðinu er dæmigerður íslenskur mýrargróður. Stærð náttúruvættisins er 0,01 ha.“⁴

⁴ Umhverfisstofnun, 2018.



↑ Mynd 4

Útskot á vegi við Kattarauga (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 5

Kattarauga (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).

Við Kattarauga er útskot þar sem pláss er fyrir 3 fólksbíla. Í Stjórnunar og verndaráætlun 2018-2027 fyrir Kattarauga frá apríl 2018 kemur fram að farið er að hrynja úr útskotinu að austanverðu. Lagfæra þurfi útskotið svo ekki verði frekara hrun og skemmdir á því. Þar sem aðkoma að náttúruvættinu sé utan marka þess sé það á höndum Vegagerðarinnar að byggja upp útskotið og vinna að endurbótum á veginum við svæðið.

Bent er á sem aðgerðir að Umhverfisstofnun fari þess á leit við Vegagerðina að útskotið við náttúruvættið verði byggt upp svo fyllsta öryggis gesta sé gætt.

Hóp – Vatnsdalur, alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði

Vatnsdalsvegur (722) á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði liggur á köflum um svæði sem er alþjóðlega mikilvægt fyrir fugla. Vegagerðin leitaði til Umhverfisstofnunar til að kanna hvort mörk svæðisins væru rétt, hvort þau ættu mögulega að fylgja núverandi vegi, því víðast gera þau það. Svarið var að svo væri ekki. Vatnsdalsvegur liggur um alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði á samtals tæplega 3,0 km köflum, sjá Tafla 2 en ná stutt yfir veginn.

Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands um vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði <https://vistgerdakort.ni.is/> segir:

„Þetta svæði nær yfir Vatnsdal í Húnavatnssýslu, ásamt svæðinu milli Hnausakvíslar í Þingi og vestur að Sigríðarstaðavatni. Miklar flæðiengjar og stöðuvötn, þar á meðal Hópið sem er þeirra langstærst, 29–44 km² eftir sjávarföllum. Mikið fuglalíf er þarna, sérstaklega á fartíma. Þetta svæði er alþjóðlega mikilvægt fyrir álfir (1.464 fuglar) og helsingja (8.508 fuglar) á fartíma og sem fjaðrafellistaður álfra (695 fuglar). Hluti þessa svæðis er á náttúruminjaskrá, þar á meðal vötnin og neðanverð Vatnsdalsá, Hnausakvísl, ásamt hólum og bökkum. Allt svæðið er á IBA-skrá.“

↓ **Tafla 2**

Vegkaflar Vatnsdalsvegur sem liggja um alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði.

Upphafsstöð	Endastöð	Vegalengd m
780	1600	820 ⁵
1920	2660	740 ⁶
10200	10500	300
11070	11400	330
11500	11910	410
13880	14470	590
Samtals		3.190

Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja <https://serstokvernd.ni.is/> virðist sem fyrirhuguð framkvæmd muni raska vernduðum vistkerfum, þ.e. votlendi, sjá kafla 5.6 um vistgerðir og gróðurfar.

Friðlýstar fornleifar

Friðlýstar fornleifar eru á nokkrum stöðum í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Þær má sjá í Tafla 3. Engum friðlýstum fornleifum verður raskað við framkvæmdir.

⁵ Milli stöðva 780-1600 er Vatnsdalsvegur einnig innan svæða 407 og að hluta 408 á náttúruminjaskrá.
⁶ Milli stöðva 1920-2660 er Vatnsdalsvegur einnig innan svæða 407 og að hluta 408 á náttúruminjaskrá.

↓ **Tafla 3**


Friðlýstar fornleifar í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði (Landmótun, 2010).

Nr.	Heiti	Lýsing
p1	Ás, rústir eyði-býlisins Odda-áss	Rústir eyðibýlisins Odda-áss í Ljótunnarkinn; þær eru í grænni brekku sunnan í Odda-ásnum, sem er áfastur bæjarásnum í Ási, norðvestur frá honum. Sbr. Árb. 1895: 5. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
p3	Hof	Hof. Leifar fornrar "hofgirdingar" á Goðhól, fyrir ofan tún á Hofi. Sbr. Árb. 1895: 4. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
p5	Nautabú	Nautabú. Hinar fornu rústir Nautabús; þær eru í Nautabúsmóa, skammt fyrir innan hinn gamla farveg Kornsár. Sbr. Árb. 1892: 78. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
p7	Breiðabólstaður	Breiðabólstaður. Rúst eyðibýlisins Faxabrandsstæða; hún er upp með bæjarlæk Breiðabólstaðar, gildum stekkjarvegi fyrir sunnan og vestan bæinn. Sbr. Árb. 1895: 7. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
p11	Undirfellskirkja	Steinsteyppuhús reist 1914 – 1915. Höfundur Rögnvaldur Ólafsson og Einar Erlendsson arkitektar. – Friðuð 1.janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1.mgr.36.gr. Þjóðminjalaga nr.88/1989.

Fjallað er um þessi svæði í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands sem gerð var í tengslum við Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022.

Hverfisvernd

Í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 segir að hverfisverndarsvæðið H9 sé í landi Hnjúks. Um sé að ræða 111 m háan basalthnaus sem talinn sé besti útsýnisstaður í Vatnsdal og hafi verið gerð tillaga um hverfisvernd af þeirri ástæðu. Í aðalskipulagsgreinargerð kemur fram að fylgja þurfi merktum gönguleiðum þegar gengið sé á Hnjúkinn, vanda þurfi útfærslu gönguleiða og merkinga og að jarðrask sé bannað.



↑ Mynd 6

Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010 - 2022, hluti af sveitarfélagsupprætti. Kaflinn frá Hringvegi að Hnjúk (Landmótun, 2010). Hverfisverndarsvæði H9 við Hnjúk.

1.8 Lög og leyfisveitendur

Fyrirhuguð framkvæmd og efnistaka henni samfara, eru háð eftirfarandi leyfum:

- Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdin skal vera í samræmi við Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022.
- Öll efnistaka er háð lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð. Þar kemur fram í 8. gr. að öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðu- vatna og úr sjávarbotni innan netalaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, samanber skipulagslög, nr. 123/2010. Áður en leyfi er veitt fyrir efnistöku skal liggja fyrir áætlun um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.
- Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, njóta m.a. fossar, gamlir birki- skógar, sjávarfitjar, leirur og votlendi að stærð 2 ha eða stærri, sérstakrar verndar.
- Framkvæmdin skal vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafn- framt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Einnig verður framkvæmdin í samræmi við reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun Íslands 2022 – 2027.
- Gera þarf grein fyrir hverjar breytingar verða á vatnshlotum vegna framkvæmd- anna. Í 18. gr. laga nr. 36/2011 er fjallað um að leita þurfi til Umhverfisstofnunar um heimild til breytinga á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. sömu laga og nánar er fjallað um í Vatnatil- skipun Evrópusambandsins (Directive 2000/60/ESB).
- Framkvæmdin er háð starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra veitir vegna vinnubúða og starfsemi sem fylgir efnistöku. Í gildi er reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, eins og vinnslu jarðefna, vinnubúðir, farandsalerni og -eldhús, aðstöðu fyrir olíuskipti o.fl.
- Um tímabundna mannvirkjagerð eins og vinnubúðir gilda ýmsar reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustað.
- Í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012 þarf að sækja um leyfi til Minjastofnunar Íslands þar sem hætta er á að fornleifar geti raskast.
- Samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018, 13. gr. skal við hvers kyns leyfisskyldar framkvæmdir sem geta haft áhrif á gróður og jarðveg sýna sérstaka aðgát til að lágmarka rask og leitast við að endurheimta vistkerfi sem verða fyrir raski. Í 18. gr. kemur fram að ekki má ráðast í varnaraðgerðir til að koma í veg fyrir landbrot nema í samráði við Land og skóga.
- Í lögum nr. 33/2019 um skóga og skógrækt segir í 19. gr. að komi til varanlegrar eyðingar skógar skuli framkvæmdaraðili ráðast í mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið af eyðingu skógarins, með hliðsjón af markmiðum laganna, svo sem með endurheimt náttúruskógar eða ræktun nýrra skóga, og skuli framkvæmdaraðili leita álits Lands og skógar á útfærslu

mótvægisáðgerða. Mótvægisáðgerðir skuli hefjast eigi síðar en tveimur árum eftir eyðingu.

- Þar sem veglína skarast við helgunarsvæði háspennulínu þarf náið samráð við eiganda hennar um útfærslur. Engar framkvæmdir verða innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggi heimild frá viðkomandi raforkuflutningsaðila.

Auk þess er Ísland aðili að ýmsum alþjóðlegum samþykktum sem þarf að uppfylla, t.d. samningi um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Rio de Janeiro 1992 og Bernar-samningi sem fjallar um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.

2 Staðhættir á framkvæmdasvæði

2.1 Staðhættir

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í Vatnsdal í Húnabyggð á Norðurlandi vestra.

Vatnsdalur er í fyrrum Húnavatnshreppi, í Austur-Húnavatnssýslu en sveitarfélagið Húnabyggð var stofnað vorið 2022 með sameiningu Húnavatnshrepps og Blönduós-bæjar. Hringvegurinn (1-k8) liggur um mynni Vatnsdals sem er um 25 km langur dalur. Vatnsdalsvegur (722) sem er tæplega 47 km langur liggur um dalinn beggja vegna Vatnsdalsár, frá Hringvegi að Hringvegi.

Í Húnabyggð bjuggu 1.263 manns þann 1. janúar 2024. Þar af bjuggu 834 á Blönduósi.⁷

Blönduós er eina þéttbýlið í sveitarfélaginu og er þar í boði ýmis þjónusta fyrir heimamenn og ferðamenn. Þar er grunnskóli fyrir allt sveitarfélagið. Á Húnavöllum var skóli með íþróttasal og sundlaug en þar er nú rekið hótél.

Upplýsingarnar hér á eftir voru fengnar frá www.wikipedia.org.

Vatnsdalur er grösugur og búsældarlegur dalur sem gengur inn til suðurs milli Vatnsdalsfjalls, sem er 1.018 m hátt, í austri og Víðidalshöfðisfjalls, sem er 993 m. Næsti dalur vestan við hann er Víðidalur, en til austurs er Sauðadalur næstur, svo Mjóidalur og að lokum Svínadalur.

Við mynni dalsins að vestan eru Vatnsdalshólar, sem sagðir eru óteljandi. Þeir eru flestir keilumyndaðir og eru taldir hafa orðið til við jarðskrið úr Vatnsdalsfjalli fyrir um 10.000 árum. Innan við hólana er stöðuvatnið Flóðið, sem varð til árið 1720, þegar skriða (Bjarnastaðaskriða) úr Vatnsdalsfjalli stíflaði Vatnsdalsá, sem rennur um dalinn, og eyddi bænum Bjarnastöðum. Áin sem nú rennur úr vatninu heitir Hnausakvísl. Vatnsdalsá er ein af betri laxveiðiám landsins og í henni er líka mikil silungsveiði.

Í landi Kornsár fyrir miðjum dal er alldjúp, sérkennileg smátjörn sem nefnist Kattarauga. Á henni eru tvær fljótandi eyjar og er hún friðlýst náttúruvætti. Trjálundur er í Þórðisarlundi og við Ólafslund.

Inn af dalnum er Grímstunguheiði, víðlent afréttarland sem áður tilheyrði stórbýlinu Grímstungu, þar sem áður var prestssetur og kirkjustaður. Vestan við hana er Haukagilsheiði, kennd við bæinn Haukagil í Vatnsdal.

Vatnsdalur er þéttbýl sveit þar sem stundaður er landbúnaður og ferðaþjónusta. Kirkja er á Undirfelli og þar er einnig rétt sveitarinnar. Í Landnámu kemur fram að í dalnum hafi Ingimundur gamli Þorsteinsson numið land en hann bjó á Hofi sem er í dalnum austanverðum. Í Þrístöpum vestast í Vatnsdalshólum fór fram síðasta aftaka á Íslandi árið 1830, þegar Friðrik Sigurðsson og Agnes Magnúsdóttir voru hálshöggvin fyrir morð.⁸

⁷ Hagstofa Íslands, 2024.

⁸ Wikipedia, 2024.

2.2 Núverandi vegur

Vatnsdalsvegur liggur frá Hringvegi (1-k8) við Sveinsstaðarétt, inn dalinn að vestanverðu, fram hjá Vatnsdalshólum, Flóðinu, Kattarauga og Undirfelli að Grímstungu innst í dalnum. Þar þverar vegurinn Vatnsdalsá og liggur svo út Vatnsdalinn að austanverðu, fram hjá Hofi, Flóðinu og Hnausatjörn að Hringvegi (1-k8) við Árfar. Vatnsdalsvegur (722) flokkast sem tengivegur af vegtegund C₇.



↑ Mynd 7

Horft frá stöð 270 í átt að vegamótum Hringvegur (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 8

Horft frá stöð 450 í Vatnsdalshólum inn Vatnsdal (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 9

Horft frá stöð 700 í Vatnsdalshólum út dalinn (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 10

Horft frá stöð 790 í Vatnsdalshólum inn dalinn (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 11

Horft frá stöð 1750 við Vatnsdalshóla inn dalinn (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 12

Vegamót við Þórdísarlund, horft út dalinn (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).

Vatnsdalsvegur sem er 46,5 km langur er uppbyggður malarvegur, um 5 m breiður nema á 7,9 km kafla frá Hvammstjörn að Hringvegi (1-k8) í dalnum austanverðum, þar sem vegurinn er 6,5 m breiður og lagður klæðingu. Á veginum eru 5 einbreiðar brýr. Þær eru á Kornsó, Álftarskálará, Vatnsdalsá hjá Grímstungu og Tunguá. Aðeins ein þeirra,

Kornsá er á þeim framkvæmdakafla sem hér er kynntur. Á veginum eru sums staðar krappar beygjur með lækkuðum leiðbeinandi hraða, en þær eru flestar innarlega í Vatnsdal, utan fyrirhugaðs framkvæmdakafla.



↑ Mynd 13

Horft út dalinn frá stöð 3130. Til vinstri eru Þórdísarlundur og veiðihúsið Flóðvangur (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).

Sá kafli Vatnsdalsvegur (722) milli Hringvegur (1-k8) og Undirfellsréttar sem á að endurbyggja er **14,9 km** langur. Fyrirhugað framkvæmdasvæði hefst við Sveinsstaðarétt og endar við Undirfellsrétt.

Föst búseta við framkvæmdasvæðið er á **Vatnsdalshólum, Miðhúsum, Hnjúki, Helgavatni, Gilsstöðum, Kornsá 1 og Kornsá 2.**



↑ Mynd 14

Horft inn dalinn frá stöð 3340. Til hægri eru Miðhús (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 15

Horft inn dalinn frá stöð 5450. Til vinstri er Hnjúkur þar sem heimreiðin er á blindhæð og byggingar beggja vegna (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 16

Horft inn dalinn frá stöð 6750. Til vinstri er Helgavatn (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).

Í grennd við Sveinsstaðarétt eru Litlu Sveinsstaðir sem er frístundahús. Í landi Vatnsdalshóla eru frístundahús og vinnustofa auk íbúðarhússins. Breiðabólstaður 1 er eyðibýli en þar er íbúðarhúsið nýtt sem frístundahús og að auki er annað frístundahús. Við Hnjúk er afmarkað byggingarland vestan Vatnsdalsvegar í eigu Norðurborgar. Í landi Flögu er íbúðarhús nýtt sem frístundahús en einnig eru nokkur önnur frístundahús. Vinnaminni er frístundahús við Flögu. Í landi Kornsár er stórt íbúðarhús, sýslumannshúsið að Kornsá sem er friðlýst. Húsið byggði Lárus Jóhannsson sýslumaður árið 1879 en það var endurbyggt á árunum 2000 til 2014 í samvinnu við Minjastofnun. Húsið er nýtt sem frístundahús. Í landi Nautabús 2 er frístundahús. Í landi Undirfells er frístundahús, en einnig Undirfellskirkja. Fyrirhugað framkvæmdasvæði endar við vegtengingu að Undirfellsrétt.



↑ Mynd 17

Horft út dalinn frá stöð 9920. Til vinstri er Flaga (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 18

Horft út dalinn frá stöð 11400. Til vinstri eru Gilsstaðir (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 19

Horft inn dalinn frá stöð 12360. Til vinstri er Kornsó 2 (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 20

Horft inn dalinn frá stöð 13000 við brú á Kornsó. Til vinstri er Kornsó 1 (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).

Við Sveinsstaðarétt eru vegamót Hringvegar (1-k8) og Vatnsdalsvegur (722). Á vegamótunum, sem eru krossvegamót, er einnig tenging við Þingeyrarveg (721).

Hámarkshraði á veginum er 80 km/klst. en leiðbeinandi hraði er 60 km/klst. á um 0,9 km kafla við bæinn Vatnsdalshóla þar sem eru krappar beygjur vegna landfræðilegra aðstæðna við Vatnsdalshóla og Flóðið. Vegna verndarstöðu svæðisins er ekki gert ráð fyrir að breyta legu vegarins á þeim kafla.

Á fyrirhuguðum framkvæmdakafla hafa verið erfiðleikar í leysingum á undanförunum árum á þremur stöðum. Í grennd við Flóðvang, hafa ræsi á Þórdísarlæk ekki flutt nóg vatn og vatn stundum staðið á vegi. Einnig eru vandræði með háa vatnsstöðu við Helgavatn og við Flögu þar sem vegrás fyllist stundum af vatni sem hefur í för með sér að vatn situr á vegi. Nauðsynlegt er að ráða bót á þessum vanda.

Við bæinn Hnjúk eru útihús vestan vegar en íbúðarhús austan hans. Heimreið að bænum er á blindhæð og því gert ráð fyrir að hnika vegi lítillega til vesturs og færa heimreiðina norðar til að bæta umferðaröryggi. Við Helgavatn og Kornsa eru þröngar aðstæður og þar eru því varúðarskilti vegna umferðar gangandi vegfarenda. Við Helgavatn er landbúnaðarbygging nálægt vegi og við Kornsa eru tvö íbúðarhús nálægt vegi, Kornsa 2 og Sýslumannshúsið. Við Helgavatn er gert ráð fyrir að hliðra veginum til vesturs, fjær byggingunni. Við Kornsa er ekki svigrúm til að færa veginn.



↑ Mynd 21

Sýslumannshúsið á Kornsa (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).

Við fyrirhugaðan framkvæmdakafla er ferðaþjónusta á tveimur stöðum. Annars vegar er Listakot Dóru, vinnustofa og gallerý á bænum Vatnsdalshólum. Hins vegar er ferðaþjónusta í Flóðvangi, sem er við suðurenda Vatnsdalshóla en þar er veiðiskáli fyrir þá sem veiða í Vatnsdalsá. Við Flóðvang er Þórdísarlundur sem er skógarlundur í eigu Húnavetningafélagsins í Reykjavík.

Við Skúlahól, Faxabrandsstaði, Kattarauga og Nautabú eru útskot á vegi með upplýsingaskiltum (sjá kafla 3.3.2 og 5.1).

Utan framkvæmdakaflans er ferðaþjónusta í dalnum austanverðum. Annars vegar er gistiheimili að Hofi, en þar er boðið upp á gistingu, veitingar og hestaferðir. Skammt utan Hofs er fyrirtækið Hestar & Ferðir með aðsetur og boðið er upp á gistingu og veitingar í Hvammi í tengslum við hestaferðirnar.

Á núverandi vegi eru margar vegtengingar, s.s. að túnum, veiðistöðum o.fl. sem verða aðlagðar að endurbættum vegi (sjá kafla 3.2.5.).

Einbreið brú, 20 m löng með 4 m breiðri akbraut er á Kornsó. Hún var byggð árið 1974. Fyrirhugað er að nýta hana áfram, því engar fjárveitingar eru til að byggja nýja brú en varúðarmerkingar við brúna verða endurbættar í tengslum við framkvæmdir.



↑ Mynd 22

Brú á Kornsó, horft inn dalinn. Kornsó 1 vinstra megin vegar (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).

2.3 Samgöngur og umferðaröryggi

Fremur lítil umferð er um Vatnsdalsveg (722). Framkvæmdir verða á kafla 01, en vegurinn skiptist í fjóra vegkafla:

- **Kafli 722-01**, Hringvegur (1-k8) - Undirfellsrétt
- **Kafli 722-02**, Undirfellsrétt - Grímstunga
- **Kafli 722-03**, Grímstunga - Refabú
- **Kafli 722-04**, Refabú - Hringvegur (1-k8)

↓ **Tafla 4**
Samanburður á umferðartölum árin 2013, 2018 og 2023 á Vatnsdalsvegi (heimild: veggagnabanki Vegagerðarinnar).

Ár	Kafli	Lengd km	Ársdags-umferð ⁹	Sumardags-umferð ¹⁰	Vetrardags-umferð ¹¹	Eknir þ. km
2013	Kafli 722-01	14,90	81	118	55	441
	Kafli 722-02	7,89	54	78	37	156
	Kafli 722-03	8,97	28	43	18	92
	Kafli 722-04	14,75	101	143	66	545
2018	Kafli 722-01	14,90	114	172	68	618
	Kafli 722-02	7,89	65	90	42	187
	Kafli 722-03	8,97	36	56	20	118
	Kafli 722-04	14,75	101	160	58	543
2023	Kafli 722-01	14,90	66	95	44	356
	Kafli 722-02	7,89	36	51	23	104
	Kafli 722-03	8,97	28	41	19	93
	Kafli 722-04	14,75	50	72	33	268

Á árunum 2013-2023 dróst umferð saman á Vatnsdalsvegi (722) og þar með á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, kafla 722-01, sjá Tafla 2. Vegagerðin hefur ekki skýringar á samdrættinum. Meðalhluutfall þunga bifreiða er ekki áætlað en þungaumferð er almennt lítil; mjólkurbíll, fjórflutningabílar og tilfallandi önnur umferð.

Vetrarþjónusta á Vatnsdalsvegi felst í helmingamokstri að beiðni Húnabyggðar.

Í veggagnabanka Vegagerðarinnar er að finna upplýsingar um greiningu og flokkun slysa, meðal annars fjölda umferðaslysa og tíðni þeirra. Slysatíðni er fjöldi óhappa á hverja milljón ekinna kílómetra.

Á árunum 2018-2024 eru engin slys skráð á Vatnsdalsvegi (722) kafla 01, milli Hringvegur (1-k8) og Undirfellsréttar.



↑ **Mynd 23**
Undirfellskirkja er neðan vegar við stöð 14300 (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).

⁹ Ársdagsumferð er meðalumferð á dag yfir árið
¹⁰ Sumardagsumferð er meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september
¹¹ Vetrardagsumferð er meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember

3 Kostir og framkvæmdalýsing

Við undirbúning framkvæmdarinnar var miðað við að breyta núverandi vegi eins lítið og hægt er.

3.1 Valkostir

Við endurbætur á Vatnsdalsvegi var miðað við að fylgja núverandi vegi þar sem það væri mögulegt vegna umferðaröryggis. Vegurinn verður breikkaður úr 5 m í 6,5 m og vegfláar og skeringar gerðar meira aflíðandi til að auka öryggi. Framkvæmdasvæðið mun því ná út fyrir núverandi veg.

Upphaf framkvæmdarkafans, stöð 0, er við Hringveginn (1-k8), við Sveinsstaðarétt. Leiðbeinandi hraði er 60 km/klst. á um 0,9 km kafla við bæinn Vatnsdalshóla þar sem eru krappar beygjur við Vatnsdalshóla og Flóðið. Til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á verndarsvæðin verða engar breytingar gerðar á legu vegarins á þeim kafla. Núverandi vegur liggur úti í Flóðinu á um 200 m kafla, milli stöðva 1860-2060. Á þeim kafla verða vegfláa hafðir eins brattir og hægt er og vegrið meðfram vegi beggja vegna, til að draga úr raski á Flóðinu. Við stöð 2200 liggur vegurinn fast við Flóðið á um 60 m kafla. Þar verða vegfláar líka hafðir eins brattir og mögulegt er og vegrið meðfram vegi vatnsmegin.

Við bæinn Hnjúk verður vegi hnikað lítillega til vesturs og heimreið að bænum færð norðar til að auka sjónlengdir við vegamótin. Við bæinn Helgavatn er landbúnaðarbygging innan öryggissvæðis vegarins og þar er gert ráð fyrir að hliðra veginum fjær henni, eða um allt að 6 m til vesturs, til að auka umferðaröryggi. Við færsluna verður skering í tún vestan við veginn.

Hæðarlega vegarins er almennt nokkuð góð, en hún verður löguð lítilsháttar þar sem þörf er á, til að auka umferðaröryggi.


Til skoðunar er að ráðast í aðgerðir til að draga úr hættu á snjósöfnun á veg á þremur stöðum innan verndarsvæðisins í Vatnsdalshólum en það er háð leyfi sveitarstjórnar og Umhverfisstofnunar, sjá kafla 3.2.4.

Samráð verður við landeigendur ef þörf er talin á gerð undirganga fyrir búfé.

3.2 Framkvæmdalýsing

3.2.1 Endurbyggður vegur

Framkvæmdin felur í sér endurbyggingu **Vatnsdalsvegur (722-01)** á **14,9 km** kafla. Framkvæmdir verða að mestu innan núverandi vegsvæðis, nema á stuttum köflum við Hnjúk og Helgavatn. Engin breyting verður á vegalengdum. Heimreið að bænum Hnjúki er á blindhæð og því gert ráð fyrir að færa heimreiðina norðar til að bæta umferðaröryggi.



↑ Mynd 24

Þversnið skertrar vegtegundar C₇ (mynd: Viðar Jónsson hjá Mannvit 2020).

Vegurinn verður gerður samkvæmt skertri vegtegund C₇, sem er 6,5 m breiður vegur með 6,0 m breiðri akbraut og 0,25 m breiðum öxlum. Vegurinn verður með bundnu slitlagi og hönnunarhraði verður að jafnaði ≥ 90 km/klst., nema innan verndarsvæða við Vatnsdalshóla og Flóðið, þar sem hann verður 60-70 km/klst. og hámarks-
hraði vegarins lækkaður eða sérmerktur með leiðbeinandi hraða. Umferðarrýmd er $\leq$ 500 bílar á sólarhring. Öxulþungi verður 11,5 tonn.

Planlega og hæðarlega vegarins verður löguð lítilsháttar. Til að draga úr alvarleika útafaksturs er þörf á öryggissvæði meðfram vegum. Halli í vegköntum í fyllingum (vegflái) verður alla jafna ekki brattari en 1:3. Vegrið verða þar sem bratt er fram af veginum og þar sem hann liggur við Flóðið. Með því að hafa vegrið meðfram veginum við Flóðið, verða vegfláar brattari og því hægt að draga úr umfangi fyllinga og raskaðs svæðis.

Veglínan fylgir víðast núverandi vegi og undirstaðan er þétt og þurr.

3.2.2 Ræsi

Á núverandi vegi er einbreið brú á Kornsa (kafla 2.2) sem verður nýtt áfram.

Á Vatnsdalsvegi eru 40 ræsi á þeim kafla sem er til framkvæmda. Þau ræsi sem eru á núverandi vegi eru á bilinu 0,3-2,8 m að þvermáli. Breiðasta ræsið er við Breiða-bólstaðarlæk. Við ákvörðun á vatnsopum nýrra ræsa verður tekið mið af vatnsopum á núverandi vegi og gert ráð fyrir að þau minnstu verði stækkuð.

Í leysingum hafa verið vandræði á nokkrum stöðum með að vatn safnist á veginn. Helstu staðirnir eru við Þórdísarlæk, Helgavatn og við Flögu. Til að ráða bót á því verður ræsi á Þórdísarlæk við Flóðvang, stöð 2770, stækkað, vegrás við Helgavatn dýpkuð og hæðarlega vegarins við Flögu endurskoðuð.

Ræsi verða endurnýjuð og staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vorinu og þegar úrkoma er mikil. Ræsum verður ennfremur komið fyrir þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir við veginn.

3.2.3 Efnispörf

Í aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 er fjallað um efnistökusvæði. Sex efnistökusvæði á aðalskipulagi eru skilgreind í grennd við fyrirhugað framkvæmdarsvæði og er áætlað að tvö þeirra verði nýtt við framkvæmdir.

↓ **Tafla 5**
Skilgreind efnistökusvæði á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 í grennd við framkvæmdasvæðið.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
E3	Hnjúksnáma	Möl	Hnjúkur
E4	Haukagilsnáma	Möl	Haukagil
E5	Prestalág	Leir	Þórormstunga
E6	Melgerðisnáma	Möl	Marðarnúpur
E7	Hofsnáma	Möl	Hof
E8	Brekkukotsnáma	Möl	Brekkukot

Áætluð efnispörf í framkvæmdina er um **187 þús. m³**. Efnistaka er fyrirhuguð úr vegskeringum á vegsvæði og það sem upp á vantar verður tekið úr þremur námum, Hnjúksnámu (E3) og Brekkukotsnámu (E8) sem eru á skipulagi og opinni námu við Nautabú, Nautabúsnámu. Unnið er að aðalskipulagsbreytingu sveitarfélagsins vegna Nautabúsnámu.

Gert er ráð fyrir að efni úr skeringum verði tæplega **10 þús. m³** sem nýtt verður í fláafleyga og mögulega fyllingar að einhverju marki. Umfram efnispörf sem þyrfti að sækja í námur yrði því rúmlega **177 þús. m³**.

↓ **Tafla 6**
Áætluð efnispörf.

	magn í m ³	Náma
Klæðing	3.000	Hnjúksnáma
Burðarlag	21.800	Hnjúksnáma
Styrktarlag	54.400	Hnjúksnáma, Brekkukot og Nautabúsnáma
Fyllingar	56.700	Skeringar, mögulega útvíkkaðar skeringar, Hnjúksnáma og Nautabúsnáma
Fláafleygar	51.500	Skeringar, Hnjúksnáma
Samtals	187.400	
Skeringar	9.800	
Efni úr námum	177.600	

3.2.4 Efnistaka


Á meðfylgjandi teikningum sést staðsetning fyrirhugaðra náma. Þær eru gróflega afmarkaðar og mögulegt að afmörkunin breytist eitthvað á framkvæmdatíma. Ekki er búið að fullrannsaka efnistöku-
svæði, meðal annars í skeringum sem yrðu þá hugsanlega útvíkkaðar. Fylgiskjal 2 er minnisblað um mögulega efnistöku-
svæði og er bent á það til frekari upplýsinga.

Fyrirhugað er að óska eftir leyfi hjá landeigendum, sveitarstjórn og Umhverfis-
stofnun til að útvíkka skeringar í Vatnsdalshóla meðfram vegi á þremur stöðum, annars
vegar í landi Sveinsstaða við stöðvar 930 og 1130 og hins vegar í landi Vatnsdalshóla
við stöð 1500 (Mynd 25). Efnið yrði notað í fyllingar og fláafleyga. Þessi svæði njóta
mikillar verndar, því þau eru innan svæða á náttúruminjaskrá og innan mikilvægs fugla-
svæðis. Ef leyfi fæst til að taka skeringar meðfram vegi á þessum köflum, verður
vandað sérstaklega vel til frágangs á þeim, þannig að ummerki um raskið hverfi sem
fyrst.

Syðsta svæðið, við stöð 1500, þar sem áhugi er á að víkka núverandi skeringu er svæði þar sem snjór safnast gjarnan á veginn á veturna. Talið er að með því að fjarlægja efni og breyta lögun landsins meðfram vegi yrði hægt að draga úr snjósöfnuninni og þar með auka öryggi vegfarenda.

Möguleiki á burðarlags- og klæðingarefni á svæðinu virðist vera í Hnjúksnámu.

Tekið skal fram að efnistaka úr námum verður ekki meiri en sú sem þarf til framkvæmdarinnar. Endanleg ákvörðun um efnistöku úr hverri námu verður tekin að loknum rannsóknum.



↑ Mynd 25

Staðsetning mögulegra útvíkkaðra skeringa í Vatnsdalshólum (Loftmynd: Loftmyndir ehf.).



↑ Mynd 26

Möguleg útvíkkun á skeringu við stöð 930 (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).




↑ **Mynd 27**

Möguleg útvíkkun á skeringu við stöð 1130 (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ **Mynd 28**

Möguleg útvíkkun á skeringu við stöð 1500 (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).




↑ Mynd 29

Hnjúksnáma (Loftmynd: Loftmyndir ehf.).



↑ Mynd 30

Hnjúksnáma (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 31

Nautabúsnáma (Loftmynd: Loftmyndir ehf.).



↑ Mynd 32

Nautabúsnáma (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).



↑ Mynd 33

Brekkukotsnáma (Loftmynd: Loftmyndir ehf.).



↑ Mynd 34

Brekkukotsnáma (Ljósmynd: Erla Dóra Vogler).

↓ **Tafla 7**
Gróf áætlun um mögulega efnistöku úr hverri námu.

Nafn námu	Magn (m³)
Hnjúksnáma	70.000
Nautabúsnáma	40.000
Brekkukotsnáma	40.000
Víkkaðar skeringar	30.000
Samtals	180.000

3.2.5 Vegtengingar

Í kafla 2.2. er fjallað um núverandi veg, en tengingar að honum eru mjög margar, flestar þeirra eru að húsum, túna- og veiðislóðum. Við endurbyggingu Vatnsdalsvegur (722) verður skoðað hvort mögulegt er að fækka vegtengingum til að auka umferðaröryggi.

3.3 Frágangur

3.3.1 Núverandi vegur

Á þeim stutta kafla sem endurbyggður vegur víkur frá núverandi vegi við Helgavatn verður núverandi vegur hluti af endurbyggðum vegi.

3.3.2 Áningarstaðir og reiðleið

Meðfram veginum er skilgreind **reiðleið** í aðalskipulagi. Fyrirhugað er við frágang framkvæmdasvæðis að gera reiðfært meðfram vegi milli Hringvegur og Undirfellsréttar. Reiðfæra leiðin verður til að byrja með austan vegar en liggur yfir hann skammt fyrir innan Sveinsstaðarétt og fer um Vatnsdalshóla. Hún liggur vestan bæjarins Vatnsdals-hóla en kemur að Vatnsdalsvegi í grennd við Þórdísarlund og fylgir þaðan vegi að vestanverðu. Til að reiðfært verði meðfram veginum verða ræsi lengd til vesturs. Áningarstaðir fyrir hesta eru við Sveinsstaðarétt og við Hnjúk. Hægt er að fara austur yfir Vatnsdalsá á vaði við Undirfellsrétt

Meðfram Vatnsdalsvegi eru nýleg upplýsingaskilti sem eru á vegum Húnabyggðar og Ferðamálastofu. Þau eru við Skúlahól stöð 2100, við Faxabrandsstaði stöð 4740 (sjá teikningu 3) og við Nautabú stöð 13260. Á þessum stöðum og við Kattarauga eru útskot og skilti meðfram vegi. Í tengslum við endurbyggingu vegarins verða útskot og bílastæði löguð.

Á Skúlahóli er útsýnisstaður með útsýni yfir Flóðið, Jörundarfell og Vatnsdals-hólana. Hóllinn er suðaustastur Vatnsdalshóla á bakka Flóðsins og eini hóllinn sem er austan vegar. Byggður hefur verið stigi upp á hólinn, sem kallaður er Himnastigi Húna-byggðar¹². Algengt er að ferðamenn stöðvi farartæki sín á litlu bílastæði við hólinn og gangi upp á hann til að njóta útsýnis.

Í kafla 1.7 er fjallað um **Kattarauga**, sem er friðlýst. Fram kemur að þar er útskot þar sem pláss er fyrir 3 fólksbíla og að farið sé að hrynja úr útskotinu að austanverðu. Lagfæra þurfi útskotið svo ekki verði frekara hrún og skemmdir á því. Það sé á höndum Vegagerðarinnar að byggja upp útskotið og vinna að endurbótum á veginum við

¹² Feykir, 2024.

svæðið. Vegagerðin mun hafa samráð við Umhverfisstofnun um framkvæmdir við náttúruvættið til að tryggja að útskotið verði byggt upp þannig að fyllsta öryggis gesta sé gætt.

Þórdísarlundur í Vatnsdal er vinsæll áningarstaður ferðamanna (sjá kafla 2.2). Vegtenging að lundinum er frá vegi að Flóðvangi, þar sem er veiðihús fyrir þá sem veiða í Vatnsdalsá. Tenging að Þórdísarlundi verður óbreytt.

3.3.3 Námur og önnur röskuð svæði

Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Skeringar og námur verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á yfirborði náma og skeringa verður ýtt í haug áður en efnistaka hefst og hann geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Við frágang verður flutt til efni í jöðrum náma og skeringa til að aðlaga þær sem best að landinu í kring.

Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að ekki myndist vind-álag á lausan jarðveg. Röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis. Brúnir efnistökusvæða og skeringa verða afrúnnaðar til að minnka hættu á rofi og aðlagaðar að landinu í kring og lífrænum jarðvegi jafnað yfir, sé hann fyrir hendi.

Til þess að forðast að brjóta upp landslagsheildir verður almennt ekki ráðist í uppgræðslu á skeringum eða námusvæðum ef landið í kring er ógróið eða þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða.

Öll efnistaka og frágangur verður í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar. Vanda þarf allan frágang þeirra svæða sem raskað verður vegna framkvæmdarinnar. Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma.

3.4 Vinnubúðir og aðstaða verktaka

Ekki liggur fyrir hvar vinnubúðir verða staðsettar en verktaki mun setja upp vinnubúðir í samráði við landeigendur og með heimild Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra ef þörf er á. Í útboðsgögnum verður krafist að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

Vinnubúðir og vinnuáðstaða munu standa á meðan framkvæmdum stendur en verða fjarlægð að framkvæmdum loknum. Gengið verður vel frá svæðunum, svo að ummerki um framkvæmdir hverfi fljótt.

3.5 Mannaflapörf

Vegna umfangs verksins má reikna með að nokkur fjöldi starfa skapist á framkvæmdartíma vegna vegavinnu.

3.6 Mannvirki

Talsverðar upplýsingar um lagnir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði liggja fyrir, sjá meðfylgjandi teikningar þar sem allar þekktar lagnir í jörð og raflínur eru merktar. Allar framkvæmdir í grennd við línur eða lagnir verða í samráði við viðkomandi veitufyrirtæki. Upplýsinga um legu lagna í jörðu verður aflað áður en lokahönnun framkvæmdar fer fram. Í útboðsgögnum og við endurbyggingu vegarins verður lega þessara lagna kynnt, til að forðast megi að fjarskiptalögnum, raflögnum eða vatnslögnum verði raskað.

3.6.1 Vatnsveita

Einkavatnsveitur eru á svæðinu. Einkavatnsbólín eru ofan vegar og því liggja vatnslagnir undir veginn þar sem bæir standa neðan vegar.

3.6.2 Raflínur - rafstrengir

Engin raflína þverar Vatnsdalsveg á þessum kafla, en rafstrengur frá Rarik liggur meðfram honum á köflum og í gegnum hann á nokkrum stöðum.

Meðfylgjandi er listi yfir hvar rafstrengur er í minna en 10 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði;

- Stöð 1130-1310 rafstrengur meðfram vegi að austanverðu
- Stöð 1846 rafstrengur þverar veginn
- Stöð 2350-2728 rafstrengur meðfram vegi að vestanverðu
- Stöð 2728 rafstrengur þverar veginn
- Stöð 3530-3600 rafstrengur meðfram vegi að austanverðu
- Stöð 3587 heimlögn þverar veginn
- Stöð 5500-5700 rafstrengur meðfram vegi að austanverðu
- Stöð 5800-6180 rafstrengur meðfram vegi að austanverðu
- Stöð 7520-8155 rafstrengur meðfram vegi að austanverðu
- Stöð 8155 rafstrengur þverar veginn
- Stöð 9800-9900 rafstrengur meðfram vegi að vestanverðu
- Stöð 12832 heimlögn þverar veginn
- Stöð 13100-13190 rafstrengur meðfram vegi að vestanverðu
- Stöð 13192 rafstrengur og heimlögn þvera veginn
- Stöð 13190-13200 rafstrengur meðfram vegi að austanverðu

3.6.3 Fjarskipti

Húnanet ehf. á og rekur ljósleiðara sem liggur um allt sveitarfélagið. Einnig liggja símalagnir, eða parstrengur frá Mílu um það. Þessar lagnir liggja víða meðfram, eða í vegkanti Vatnsdalsvegar (722) á fyrirhuguðum framkvæmdakafla og í gegnum hann á nokkrum stöðum.

3.7 Framkvæmdatími og kostnaður

Framkvæmdin er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að auka umferðaröryggi og að leggja vegi bundnu slitlagi.

Í Tengivegaáætlun Vegagerðarinnar 2024-2028 er miðað við að vegurinn verði endur- og nýbyggður á árunum 2025-2026 og framkvæmdum ljúki haustið 2026.

Heildarkostnaður við endurbyggingu vegarins, er nú áætlaður um 1.200 milljónir kr.

3.8 Rekstur

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins sem felst m.a. í viðhaldi og þar með talið snjómokstri. Þegar umferð hefur verið hleypt á veginn hefur reksturinn

áhrif á öryggi samgangna. Rekstrarkostnaður Vegagerðarinnar er m.a. háður vegalengd, umferð og vetraraðstæðum á vegi.

Í kafla 2.3. kemur fram að vetrarþjónusta er á Vatnsdalsvegi (722), þar sem er helmingamokstur að beiðni Húnabyggðar.

Líklega verða litlar breytingar á rekstri vegarins eftir að vegaframkvæmdum lýkur. Viðhald og rekstur á nýjum vegi mun fylgja þeim viðmiðunar- og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokkum, umferð o.þ.h. Innviðaráðuneytið (innviðaráðherra) ákvarðar snjómokstursreglur.



↑ Mynd 35

Horft út Vatnsdal í Vatnsdálhólum. Í beygjunni við stöð 1500 er tillaga að útvíkkun á skeringu ef leyfi sveitarstjórnar og Umhverfisstofnunar fæst (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ **Mynd 36**

Horft inn Vatnsdal. Býlið Vatnsdalshólar eru til hægri en Gilsstaðir í fjarska. Skúlahóll er vatnsmegin Vatnsdalsvegur en Hádegishóll landmegin (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ **Mynd 37**

Horft út Vatnsdal við Hádegishól sem er innan við heimreið að Vatnsdal. Sama tjörn við veginn og á mynd 36 (Ljósmynd: Karl Valtýsson). Hér þarf að koma í veg fyrir að fyllingar nái út í Vatnsdalsvatn og tjörnina, sjá umfjöllun um vatnshlot í kafla 5.5.



↑ **Mynd 38**

Horft út Vatnsdal við Skúlahól (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ **Mynd 39**

Horft inn Vatnsdal við Þórdísarlund og Flóðvang en Miðhús í fjarska (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ Mynd 40

Horft út Vatnsdal við Flóðvang, Þórdísarlund og Vatnsdalshóla (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ Mynd 41

Horft út Vatnsdal við Miðhús (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ Mynd 42

Horft út Vatnsdal við Hnjúk (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ Mynd 43

Horft út Vatnsdal við Helgavatn. Færa þarf veginn lítilsháttar til vinstri, fjær byggingum og skera í brekkuna og túnið (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ **Mynd 44**

Horft út Vatnsdal við Flögu. Laga þarf afvötnun, en vatn stendur mjög hátt meðfram vegi (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ **Mynd 45**

Horft út Vatnsdal við Gilsstaði (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ Mynd 46

Horft út Vatnsdal við Kattarauga (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ Mynd 47

Horft út Vatnsdal við Sýslumannshúsið til vinstri og Kornsa 2 til hægri (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ Mynd 48

Horft út Vatnsdal við Kornsa 1. Nautabúsnáma er í melnum til vinstri (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ Mynd 49

Horft út Vatnsdal við Nautabú. (Ljósmynd: Karl Valtýsson).



↑ Mynd 50

Endir framkvæmda við vegamót Vatnsdalsvegur og tengingar að Undirfellsrétt. Horft út dalinn (Ljósmynd: Karl Valtýsson).

4 Umhverfis- og framkvæmdaþættir

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1 Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vegar, stærð vegsvæðis og frágangi.

Helstu áhrif við endurbætur á Vatnsdalsvegi felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi. Einnig verða breytingar á því landsvæði sem fer undir veg eða námur, t.d. þar sem framkvæmdin fer yfir lítt snortið land, gróin svæði eða mannvistarleifar. Núverandi vegur liggur í landslaginu og skiptir landinu upp. Engin breyting verður á því. Endurbygging vega hefur mun minni áhrif á landslag og ásýnd en lagning nýs vegar.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur áhrif á hættu á mengunarslysum, hávaða, ryk- og útblástursmengun. Bygging vega krefst mikilla auðlindanotkunar sem hefur óhjákvæmilega í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið.

Endurbyggður vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Á rekstartíma geta bættar samgöngur haft margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð og geta dregið úr kolefnisspori frá umferð vegna betri og jafnari plan- og hæðarlegu.

4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu vegar og náma, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi náma að efnistöku lokinni.

Við lagningu vegarins þarf efni í klæðingu, styrktarlag, burðarlag, fyllingar og fláafleyga. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Einnig breytist landslagið.

4.2 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt sé að fyrirhuguð framkvæmd hafi veruleg áhrif á umhverfið. Þeir umhverfisþættir sem framkvæmdin getur haft áhrif á eru:

- | | |
|-------------------------------------|---------------------------------------|
| → mannlíf, útivist og ferðaþjónusta | → landslag, jarðmyndanir og vatnshlot |
| → heilsa, öryggi og samgöngur | → vistgerðir, gróðurfar og dýralíf |
| → landnotkun | → fornleifar |

Fyrirhugað framkvæmdasvæði fylgir núverandi vegi og liggur því að stærstum hluta um land sem áður hefur verið raskað með mannvirkjagerð. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

5 Möguleg umhverfisáhrif

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Vatnsdalsvegi falla undir 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í tilkynningu framkvæmdar eru talin upp þau áhrif sem talið er að framkvæmdin geti haft á umhverfisþætti og tekin ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar út frá þeim.

5.1 Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta

Í kafla 2.1 er greint frá staðháttum í Vatnsdal. Fram kemur að hann sé þéttbýll og þar sé stundaður landbúnaður og ferðaþjónusta. Mannlíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist allt árið um kring af umferð íbúa í Vatnsdal (kafla 2.2). Á sumrin er hluti umferðarinnar vegna ferðamanna.

Í Áfangastaðááætlun Norðurlands 2021 kemur fram að ákveðið hafi verið að skilgreina svæðið frá Þrístöpum út að Þingeyrarsandi og fram allan Vatnsdal sem eitt svæði þar sem saman fléttast saga og náttúrufegurð. Frá árinu 2011 hafi verið vinna í gangi við að sauma Vatnsdælu sögu í refil sem verði líklega tilbúinn árið 2025. Ekki sé búið að ákveða hvar hann verði til sýnis á svæðinu.¹³

Í kafla 3.3.2 er greint frá að útskot og upplýsingaskilti séu við Himnastigann á Skúlahól, við Faxabrandsstaði, við Kattaraugað og Nautabú. Þar sé algengt að ferðamenn leggi bílum sínum til að skoða staðina. Við Faxabrandsstaði liggur gönguleið að bæjarstæðinu fram hjá Hnjúksnámu. Fram kemur að reiðfær leið sé sums staðar meðfram Vatnsdalsvegi á þessum kafla og að hún verði löguð og aðstæður við útskotin einnig, í tengslum við framkvæmdir á veginum.

Vatnsdalshólar eru á náttúruminjaskrá og eru einn af helstu áfangastöðum á svæðinu (sjá Mynd 51). Í aðalskipulagsgreinargerð¹⁴ kemur fram að um þá liggi 3 km löng gönguleið sem sé skemmtileg útsýnisleið þar sem Þingeyrar og Húnaþjörður blasi við. Lagt sé upp frá Þrístapa við Hringveg (1) og unnt sé að enda bæði við Þórdísarlund og Ólafslund. Gönguleiðin er ekki nálægt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í Vatnsdalnum er ferðaþjónusta tengd hestamennsku (sjá kafla 2.2) og um hann liggja reiðleiðir, beggja vegna dalsins meðfram Vatnsdalsvegi. Einnig meðfram Hringvegi þar sem hann þverar dalinn. Skammt innan við Undirfellsrétt er reiðfært þvert yfir dalinn og yfir Vatnsdalsá.

Í vefsíðu Ferðamálastofu eru upplýsingar um sérlega áhugaverða staði við fyrirhugað framkvæmdasvæði (Mynd 51). Þeir eru: Vatnsdalur, Vatnsdalshólar og Kattarauga.


Um **Vatnsdal** segir:

- Sögur og sagnir, útsýni.
- Sérlega áhugaverður staður (einn af helstu áfangastöðum á svæðinu).
- Opið öllum óháð leyfi.

¹³ Markaðsstofa Norðurlands, 2021.

¹⁴ Landmótun, 2010.

„Vatnsdalur er grösugur þéttbyggður dalur á Norðurlandi vestra sem liggur við Hringveginn, um 240 km frá Reykjavík og 170 km frá Akureyri. Dalurinn liggur á milli Viðisdalsfjalls og Vatnsdalsfjalls og er um 25 km langur. Um hann rennur Vatnsdalsá sem er góð lax- og silungsveiðiá. Séríeinkenni dalsins eru Vatnsdalshólarnir og víða í dalnum eru skemmtilegar gönguleiðir og áningarstaðir. Trjálundur er í Þórdísarlundi og við Ólafslund. Vatnsdælasaga segir frá forfeðrum Ingimundar gamla sem nam land í Vatnsdal um 900 og var ættarhöfðingi dalsins.“¹⁵



↑ Mynd 51

Áhugaverðir ferðamannastaðir í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði sem innan rauðrar brotalínu (Vefsja Ferðamálastofu, <https://geo.alta.is/fms/stadir/>).

¹⁵ Vefsja Ferðamálastofu, 2024.

Um **Vatnsdalshóla** segir:

- Jarðminjar.
- Sérlega áhugaverður staður (einn af helstu áfangastöðum á svæðinu).
- Opið öllum óháð leyfi.

„Vatnsdalshólar eru einkennilegir ásýndum en þeir mynduðust við heljarmikið skriðu-fall úr Vatnsdalsfjalli löngu fyrir landnám. Hólarnir eru margbreytilegir að lit og lögun, sumir svartir úr blágrýtismylsnu, aðrir gulbrúnir úr ríalíti. Sumir eru keilumyndaðir, aðrir sem bunkar eða kambar að lögun. Vatnsdalshólarnir ná yfir rúmlega fjögurra ferkílómetra svæði. Þeir hafa verið taldir meðal þriggja náttúrufyrirbrigða á Íslandi sem væru óteljandi, hin tvö voru vötnin á Arnarvatnsheiði og eyjarnar á Breiðafirði.“¹⁶

Um **Kattarauga** segir:

- Jarðminjar.
- Staðurinn er innan friðlýsts svæðis: Kattarauga (Náttúruvætti).
- Sérlega áhugaverður staður (einn af helstu áfangastöðum á svæðinu).
- Opið öllum óháð leyfi.

Sjá nánar kafla 1.7.

Áhrif á mannlíf, útivist og ferðaþjónustu

Á framkvæmdatíma skapast nokkur störf á svæðinu en umferð um svæðið mun raskast talsvert vegna umferðar þungra vinnuvéla. Vegfarendur um Vatnsdalsveg á framkvæmdakaflanum munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Kattarauga er í 23 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og því verður það merkt á áberandi hátt til að koma í veg fyrir óþarfa rask á framkvæmdatíma.

Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf, útivist og ferðaþjónustu vegna öruggari og betri samgangna. Aðstaða til að leggja bílum við merкта ferðamannastaði (kafla 3.3.2) verður einnig öruggari.

Telja má að með því að byggja veginn upp, breikka og leggja á hann bundið slitlag muni ferðatími styttest og þægindi aukast fyrir farþega og ökutæki.

5.2 Heilsa, öryggi og samgöngur

Í kafla 2.2 kemur fram að við núverandi veg eru bæir með fastri búsetu, auk jarða sem nýttar eru sem frístundahús. Útskot til að leggja bílum eru við Skúlahól, Faxabrandsstaði, Kattarauga og Nautabú. Þær byggingar sem eru í minna en 100 m fjarlægð frá miðlínu núverandi vegar eru:

- Tækjahús Mílu í Vatnsdalshólum er í 23 m fjarlægð.
- Íbúðarhús á Hnjúki er í 60 m fjarlægð. Þar eru landbúnaðarbyggingar beggja vegna vegar, sú næsta er í 72 m fjarlægð frá miðlínu vegar.
- Íbúðarhús á Helgavatni er í 58 m fjarlægð. Þar er landbúnaðarbygging aðeins 6 m frá vegi.
- Íbúðarhús á Flögu (frístundahús) er í 52 m fjarlægð.
- Íbúðarhús á Kornsa 2 er í 20 m fjarlægð.
- Sýslumannshúsið á Kornsa (frístundahús) er í 51 m fjarlægð.

¹⁶ Vefsíða Ferðamálastofu, 2024.

- Íbúðarhús á Kornsa 1 er í 67 m fjarlægð.
- Íbúðarhúsið á Nautabúi (frístundahús) er í 34 m fjarlægð og landbúnaðarbygging í 39 m fjarlægð.

Gera má ráð fyrir að eitthvert ónæði sé nú af hljóð- og rykmengun frá núverandi vegi þar sem hann liggur um Vatnsdal.

Áhrif á öryggi og samgöngur

Ef ekkert er gert til að auka öryggi á þeim vegi sem hér er fjallað um, er líklegt að aukin umferð á svæðinu hafi í för með sér minna öryggi fyrir vegfarendur og íbúa. Einnig munu rykmengun og umferðarhávaði aukast ef umferð eykst.

Endurbyggður vegur verður á sama stað þar sem hann liggur um byggðina í Vatnsdal, en til að bæta öryggi verður honum hnikað fjær landbúnaðarbyggingu við Helgavatn þannig að miðlína vegar verði í 11 m fjarlægð að loknum framkvæmdum í stað 6 m.

Umferð um svæðið mun raskast tímabundið meðan vegurinn verður endurbyggður. Þá gætu efnisflutningar úr námum haft áhrif á umferð, bæði á Hringvegi og á Vatnsdalsvegi.

Samgöngur um Vatnsdalsveg (722) verða öruggari þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur, breidd og hæðarlega vegarins hefur verið löguð og hann lagður bundnu slitlagi.

Jákvæð umhverfisáhrif að loknum framkvæmdum eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þegar lagður hefur verið öruggari og breiðari vegur með klæðingu í stað núverandi vegar. Einnig er talið að við lok framkvæmdanna verði minni hætta á snjósofnun á veg og að vatn liggi á vegi.

Við framkvæmdina eykst umferðaröryggi og samgöngur batna.

Áhrif á heilsu

Á framkvæmdatíma eykst umferðarhávaði og loftmengun á framkvæmdasvæðinu vegna umferðar vinnuvéla. Að loknum framkvæmdum mun jafnari hæðarlega vegar draga úr mengun frá ökutækjum. Þá dregur klæðing í stað malarslitlags verulega úr rykmengun frá veginum. Búast má við að hávaði frá umferð geti aukist verði meiri umferð um veginn.

Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma sérstaklega þar sem unnið er í grennd við vötn, ár og læki, en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.

5.3 Landnotkun

Fjallað er um mannvirki við framkvæmdasvæðið í kafla 3.6. Fyrirhugað framkvæmdasvæði, námur og endurbyggður vegur verða við og í landi margra jarða sem taldar eru upp í kafla 1.4 (teikningar 3 og 4):

Víða eru girðingar meðfram núverandi vegi og víða eru tún eða ræktað land. Engin ristarhlið eru í veginum.

Samkvæmt Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 er fyrirhugað framkvæmdasvæði á landbúnaðarsvæði. Stærsti hluti framkvæmdasvæðisins er innan vegsvæðis núverandi vegar. Hnjúksnáma E3 og Brekkukotsnáma E8 eru á aðalskipulagi en Nautabúsnáma er ekki á skipulagi (kafla 3.2) og þarf að breyta aðalskipulagi áður en efni yrði tekið úr henni. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir reiðleið meðfram Vatnsdalsvegi.

Rafstrengir liggja meðfram vegi og í gegnum hann á nokkrum stöðum. Einnig liggja símalagnir eða parstrengir, ljósleiðari og kaldavatnslagnir innan framkvæmdasvæðis (sjá kafla 3.6).

Áhrif á landnotkun

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um því núverandi vegi verður fylgt. Við Hnjúk verður vegurinn færður til um allt að 20 m og mun framkvæmdin raska svæði vestan bæjarins á tæplega 400 m kafla. Við Helgavatn verður vegurinn færður til og gerð vegrás meðfram honum að vestanverðu. Þar verður túni raskað á 130 m kafla, þar sem skering mun ná allt að 10 m inn á túnið.

Samráð verður við Rarik, Húnanet, Mílu og landeigendur auk fulltrúa Húnabyggðar vegna hönnunar framkvæmdarinnar og efnistöku. Sérstaklega þar sem hætta er á að lagnir eða jarðstrengir geti raskast.

Mótun landsins mun fara fram í samráði við landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar. Landeigendur fá greiddar bætur fyrir það land sem raskað verður við framkvæmdir í samræmi við nýtingu þess.

Verktakar verða upplýstir um allar lagnir á svæðinu og þeim gert að reyna af fremsta megni að komast hjá því að raska þeim.

5.4 Landslag

Framkvæmdasvæðið fylgir núverandi vegi um byggðina í Vatnsdal á 14,9 km löngum kafla (st. 0-14900) og þar er vegurinn uppbyggður malarvegur. Á svæðinu hefur landinu verið raskað áður með landbúnaði og lagningu vegarins.

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er samsett samkvæmt skilgreiningu á vefnum www.namur.is um námur, efnistöku og frágang. Það er menningarlandslag og ber sterk einkenni af landbúnaði.

Í skýrslunni Landslag á Íslandi frá árinu 2020 fellur fyrirhugað framkvæmdasvæði undir landslagsgerðina **5.3.3 Vatnsdalur**. Um hana segir:

„Langur og þröngur dalur inn af Húnafirði sem nær upp að háheimum í um 300 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er gróið, gras -, mó - og votlendi. Eftir dalsbotninum rennur á og þar er vatn. Byggð er töluvert þétt í dreifbýli og stundaður landbúnaður.“¹⁷

Áhrif á landslag

Framkvæmdin mun hafa áhrif á landslagsgerðina 5.3.3 Vatnsdalur. Núverandi vegi verður að mestu fylgt, en hann breikkaður og hæðarlegan löguð þar sem þörf er á.

Til skoðunar er að ráðast í aðgerðir til að draga úr hættu á snjósöfnun á veg á þremur stöðum innan verndarsvæðisins í Vatnsdalshólum, sjá kafla 3.2.4 og Mynd 25. Ef leyfi fæst til að taka skeringar á þessum stöðum, verða þær unnar í samráði við Umhverfisstofnun og landeigendur með það að markmiði að vanda sérstaklega vel til frágangs á þeim, þannig að ummerki um raskið hverfi sem fyrst. Vegagerðin telur að á þeim kafla yrðu neikvæð áhrif á landslag, en að þau yrðu ekki veruleg.

Helstu áhrif framkvæmdarinnar á landslag verða við Helgavatn þar sem vegurinn verður færður fjær byggingum og gerð verður skering í svæði austan vegarins.

¹⁷ Efla, 2020.



↑ Mynd 52

Vegrás við Helgavatn en þar eru oft vandræði með vatn. Mynd tekin 27. janúar 2023.

Nauðsynlegt er að færa veginn á þessum stað, bæði til að bæta öryggi vegfarenda og til að bæta samgöngur þegar eru leysingar. Brekkan sem sést á Mynd 52 verður færð innar en verður svipuð að lögun. Þar verður landslagi og ásýnd frá Helgavatni breytt með skeringu en núverandi vegur liggur um svæðið svo því hefur áður verið raskað með veglagningu og efnistöku.

Vegagerðin metur því að áhrif framkvæmdarinnar á landslag á þeim kafla verði nokkuð neikvæð.

Við framkvæmdirnar verður landslagi breytt varanlega með lagningu vegarins á um 14,9 km löngum kafla. Vegagerðin metur að framkvæmdin muni hafa talsverð neikvæð áhrif á landslag við Helgavatn og innan verndarsvæða, vegna verndargildis þeirra, annars verði áhrifin óveruleg.

Að framkvæmdum loknum hefur landslagsmyndin breyst meðfram veginum, því endurbyggður vegur verður breiðari en núverandi vegur, með meira aflíðandi fláum og

lagður á hærri fyllingum og í dýpri skeringum en núverandi vegur. Mannvirkið verður þó lítið áberandi fyrir þá vegfarendur sem leið eiga um Vatnsdalsveg (722). Þeir munu aðallega finna fyrir meira öryggi þegar sjónlengdir aukast og vegurinn verður jafnari í landinu.

Efnistaka úr námum mun einnig breyta landslaginu, því efni úr þeim verður fjarlæggt og notað við lagningu vegarins.

Breytingar á landslaginu vegna efnistöku og vegagerðar munu sjást frá bæjum og svæðum í grennd við veginn, en gert er ráð fyrir að þær verði að mestu tímabundnar þar til gróður á röskuðum svæðum hefur náð sér á strik. Útsýni frá útsýnisstað á Skúlahóli mun lítið breytast.

Til að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verða vegur og tilheyrandi vegtengingar hönnuð þannig að þau falli sem best að landslagi. Einnig verður efnistaka hönnuð með sama markmiði í huga.

Gengið verður þannig frá vegsvæði og námum að framkvæmdum loknum að vegur og námur falli vel að landi.

5.5 Jarðmyndanir og vatnshlot

Í Íslandshandbókinni kemur fram að aðalbergtegund í Austur-Húnavatnssýslu sé blágrýti sem myndaðist á tertíertíma fyrir 6-8 milljón árum. Lögunum halli yfirleitt til vesturs og gangi mikið hallabelti með stórum misgengjum um Langadalsfjöll og inn Blöndudal. A.m.k. fjórar fornar megineldstöðvar eru þekktar í berggrunninum, þ.e. í Víðisdalsfjalli, í Vatnsdals- og Svínadalsfjalli, í Laxárdalsfjöllum að baki Langadals og svo fyrir botni Blöndudals. Líparít finnst á þessum stöðum og mikið ummyndað berg. Í Vatnsdalsfjalli eru stór innskot. Yngra berg finnst einnig allvíða, t.d. á Skaga og inn til

dala og heiða þar sem eru útbreidd grágrýtislög frá miðhluta ísaldar (fyrir 1-2 milljón árum), þar sem fornir dalir hafa fyllst af hraunum og setlögum. Lengra inn til heiða er yngra grágrýti og inni undir Langjökli og Kili eru hraun, runnin á nútíma eða líklega fyrir 8-10 þúsund árum.

Vatnsdalsá verður ekki raskað við framkvæmdir, en vatn úr ám og lækjum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði rennur í ána. Um Vatnsdalsá segir á heimasíðu Landssambands veiðifélaga, www.angling.is:

„Vatnsdalsá er ein besta laxveiðiá landsins. Hún er fræg fyrir sína stóru laxa og gott aðgengi að veiðistöðum. Eingöngu veitt á flugu á laxveiðisvæðum árinna og laxinum sleppt aftur.

Ánni er skipt í 5 veiðisvæði. Svæði 1 og 3 eru aðallega silungsveiðisvæði, en með góðri laxavon. Veiðihúsið Steinkot er fyrir veiðimenn á þessum svæðum. Það er notalegt veiðihús sem stendur austan við Flóðið. Þar sjá veiðimenn sjálfir um matseld og þrif.

Svæði 2 og 4 eru laxveiðisvæði. Veiðimenn á þeim svæðum búa í Flóðvangi, sem stendur sunnan við Vatnsdalshólana. Á svæði 2 er Hnausastrengur, gjöfulasti veiðistaður árinna, og einn besti laxveiðihylur landsins. Svæði 5 er framan við Stekkjarfoss. Það er skemmtilegt veiðisvæði í gljúfri árinna. Við það svæði er lítið veiðihús. Á aðal laxveiðisvæði árinna eru leyfðar 7 stangir. Veiðar hefjast 18. júní og er jafnan fullbókað fram á haust. Oftast koma sömu veiðimenn ár eftir ár, og mörgum finnst ekkert sumar koma, komist þeir ekki til veiða í Vatnsdalsá.“¹⁸

Vegagerðin hefur tekið saman skýrslu, fylgiskjal 1, þar sem áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot eru metin.

→ Vatnsdalsvegur (722) Mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlot

Þar kemur fram að Vatnshlot er grunneining sem öllu vatni er skipt upp í og er byggt á landfræðilegum og vatnafræðilegum forsendum¹⁹. Innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra vegaframkvæmda eru fimm aðgreind vatnshlot eins og þau eru skilgreind í Vatnavefsja, þrjú straumvötn Hnjúkslækir (101-1819-R), Kornsa (101-1553-R) og Vatnsdalsá (101-1604-R), eitt stöðuvatn Flóðið (101-1156-L), og eitt grunnvatnshlot, Stórisandur (101-173-G).

Vegframkvæmdir geta haft áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlots með ýmsu mótí og skapað álag. Vistfræðilegt ástand er skilgreint sem ástand líffræðilegra, eðlisefnafræðilegra og vatnsformfræðilegra þátta. Einna helst hafa vegframkvæmdir áhrif á vatnsformfræðilega þætti t.d. straumhraða, vatnshæð, rennsli, setflutninga o.fl. með tilkomu brúa, varnargarða og þverana. Breytingar á vatnsformfræðilegum þáttum geta breytt bæði líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum vatnshlots²⁰.

Efnafræðilegt ástand vatnshlot lýsir því hvort til staðar séu ýmiskonar mengunarefni, þungmálmar og forgangsefni eða önnur efni sem hafa neikvæð áhrif á vistkerfi vatnshlota²¹. Vegframkvæmdir geta haft áhrif á efnafræðilegt ástand vatnshlots, en

¹⁸ Heimasíða Landssambands veiðifélaga www.angling.is, sótt 3. júní 2024.

¹⁹ Vatnavefsja, 2022.

²⁰ Umhverfisstofnun, 2022.

²¹ Umhverfisstofnun, 2021.

við framkvæmdir eru notuð mengunarefni og mengunarefni berast einnig með umferð að loknum framkvæmdum.

Áhrif á jarðmyndanir og vatnshlot

Við framkvæmdina verða áhrif á jarðmyndanir. Annars vegar vegna rasks við vegagerð og hins vegar vegna efnistöku úr námum. Engar af þeim jarðmyndunum sem verður raskað njóta verndar en mögulegar skeringar í Vatnsdalshólum eru innan verndar-svæðis og yrði sú efnistaka, ef af verður, í samráði við Umhverfisstofnun. Vegagerð og efnistaka fara víða fram á svæðum sem eru fast við svæði sem áður hefur verið raskað.

Hnjúksnáma E3 og Brekkukotsnáma E8 eru á aðalskipulagi en Nautabúsnáma er ekki á skipulagi (kafla 3.2) og þarf að breyta aðalskipulagi áður en efni yrði tekið úr henni. Við frágang verða námur formaðar þannig að þær falli sem best að aðliggjandi landi. Verði leyft að raska Vatnsdalshólum verða rask og frágangur þar vöktuð sérstak-lega vel.

Vatnshlot

Við rask á árfarvegum og lækjum verður straumvatnshlotum raskað. Engar framkvæmdir verða í Kornsa (101-1553-R) eða Vatnsdalsá (101-1604-R). Hnjúkslækir (101-1819-R), sem eru Breiðabólstaðarlækur og Skjöldungslækur á teikningum Vega-gerðarinnar, koma saman skammt ofan við núverandi veg (teikning 4-3).

Í kafla 3.1. kemur fram að núverandi vegur liggja úti í Flóðinu (101-1156-L) á um 200 m kafla, milli stöðva 1860-2060. Á þeim kafla verði vegfláa hafðir eins brattir og hægt er og vegrið meðfram vegi beggja vegna, til að draga úr raski á Flóðinu. Við stöð 2200 liggja vegurinn fast við Flóðið á 60 m kafla. Þar verði vegfláar líka hafðir eins brattir og mögulegt er og vegrið meðfram vegi vatnsmegin.

Við framkvæmdir verða ræsi endurnýjuð og stækkuð þar sem þörf er á. Við hönnun og lagningu ræsa verða uppfyllt markmið í rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns (Directive 2000/60/ESB).

Svo virðist sem ekkert óraskað votlendi sé innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en víða eru gamlir framræsluskurðir.

Vistfræðilegt ástand

Vistfræðilegt ástand vatnshlota er metið út frá líffræðilegum, eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gæðapáttum.²² Líffræðilegir gæðapættir eru t.d. hryggleysingar svifþörungur og fiskar. Eðlisefnafræðilegir gæðapættir er t.d. selta, pH, hitastig, næringarefni, súrefnisástand, mengunarefni o.fl. Vatnsformfræðilegir gæðapættir eru t.d. straumpungi, vatnsmagn, vatnshæð, samfella árfarvegs, straumhraði, viðkomutími, kornastærð og gerð vatnsbotns/árfarvegs, gerð og ástand vatnsbakka, gerð og ástand svæðis milli há- og láglæðimarka og ölduhrif²³. Áhrif vegaframkvæmda á vistfræðilegt ástand vatnshlota eru helst á vatnsformfræðilega þætti, en breytingar á vatnsformfræðilegum þáttum geta haft þær afleiðingar að breytingar verði á líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum vatnshlota.

Þverun árfarvega getur þrengt að og festir farveg á einum stað. Við það geta straummyndur og straumhraði breyst sem getur haft staðbundin áhrif á setflutning og jafnvel raskað samfelli árfarvegs. Algengt er að ræsi raski samfelli árfarvegs og skapi jafnvel farartálma fyrir fiska. Þá er það oftast þannig að ræsin hafa ekki verið grafin

²² Umhverfisstofnun, 2022.

²³ Umhverfisstofnun, 2021.

nógu langt niður í farveginn eða setflutningar hafa breyst þannig að neðan við ræsin myndist fall/foss.

Þegar þrengt er að farvegi getur vatnsborð ofan við þrengingu hækkað. Stærð vatnsopa eru ákvörðuð út frá hönnunarflóði sem er margfalt meira rennsli en meðalrennsli. Því er vatnsborðshækkun ofan við vegi fyrst og fremst þegar flóð er í ám og lækjum.

Hluti af vegkaflanum liggur um votlendi og hefur raskað því að hluta til. Ekki verða grafnir nýir skurðir eða rásir sem gætu haft áhrif á grunnvatnstöðu, en með því er hægt að draga úr áhrifasvæði vegar á votlendið. Farg ofan á votlendi getur haft áhrif á lekt jarðefnis undir veg eða dregið úr lekt þegar jarðefnið þjappast. Við það getur grunnvatnstaða/jarðvatn breyst við vegfyllingu. Ekki er vitað nákvæmlega hver áhrif á grunnvatnstöðu/jarðvatn vegir hafa haft á votlendi hér á landi og hversu langt frá vegi áhrifasvæðin ná, en breyting á vatnsstöðu getur haft áhrif á votlendisgróður.

Helstu áhrif vegframkvæmdar á vatnsformfræðilega þætti er hækkun vatnsborðs ofan við veglínu í flóðum, setflutningur í og við vatnsop og hugsanleg áhrif á grunnvatnstöðu við vegfyllingu á votlendissvæðum.

Mikilvægt er við hönnun að taka tillit til áhrifa framkvæmda á vatnsformfræðilega þætti og reyna að draga úr öllum áhrifum eins og kostur er. Verið er að endurbyggja núverandi veg og því mjög takmarkað verið að raska óröskuðu landi.

Ný vatnsop munu verða jafnstór eða stærri en núverandi vatnsop og því má gera ráð fyrir að vatnsborðshækkun ofan við veg í flóðum verði ekki meiri en er við núverandi veg. Einnig er gert ráð fyrir óverulegum áhrifum á setflutninga.

Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hætt á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnafræðilegt ástand

Efnafræðilegt ástand vatnshlots lýsir því hvort til staðar séu ýmiskonar mengunarefni, þungmálma og forgangsefni eða önnur efni sem hafa neikvæð áhrif á vistkerfi vatnshlota.²⁴

Afrennslisvatn vega og umferðarslys geta valdið mengun á yfirborðsvatni og grunnvatni á nærsvæðum vega. Ýmis mengunarefni er að finna í afrennslisvatni vega svo sem PAH efni, salt, þungmálmar og örplast. Hér á landi hafa áhrif afrennslisvatns vega á lífríki lítið verið rannsökuð og því erfitt að draga ályktanir um möguleg áhrif þess. Þess ber að geta að í alþjóðlegum samanburði er umferð á íslenskum vegum lítil.²⁵

Umferðarpungi ræður að miklu leyti styrk mengunarefna í afrennslisvatni og meiri umferð fylgir aukin mengun. Gerðar hafa verið athuganir á styrk mengunar frá sænskum vegum og var áætlað að þar sem umferð er minni en 8.000 ökutæki á sólarhring sé styrkur mengunarefnis í afrennslisvatni flokkaður sem lítill og hreinsun oftast ekki nauðsynleg nema um mjög viðkvæman viðtaka sé að ræða.

Sett hafa verið viðmið á sænskum vegum um að ekki sé þörf á neinum ofanvatns lausnum eða varúðarráðstöfunum vegna slysa t.d. olíuleka ef umferðarpungi er minni en 2.000 ökutæki á sólarhring nema um mjög viðkvæma viðtaka sé að ræða eins og t.d. vatnsverndarsvæði, grunnvatn og stöðuvatn þar sem rennsli er mjög lítið (viðkomutími vatns langur)²⁶. Vatnshlot þar sem Vatnsdalsvegur fer um flokkast ekki

²⁴ Umhverfisstofnun, 2021.

²⁵ Efta, 2021.

²⁶ Anna Heiður Eyðisardóttir & Magnús Bjarklind, 2015.

sem mjög viðkvæmir viðtakar þar sem ekki er farið um vatnsverndar svæði eða vötn þar sem rennsli er mjög lítið. Ársdagsumferð á vegkaflanum sem verður endurbýggður er um 60 ökutæki á sólarhring og því langt undir viðmiðinu um 2.000 ökutæki á sólarhring.

Þungmálmar og örplast eru meðal mengunarefna sem geta safnast fyrir í umhverfi sínu og haft neikvæð áhrif á það. Umferðarslys geta leitt til þess að hættuleg efni úr ökutækjum leki út í umhverfið. Á framkvæmdartíma er helsta hættu á mengunarslysi, umfram þá sem almenn umferð getur valdið. Hún tengist olíu, s.s. áfyllingu olíu á vélar og tæki, olíuleka frá tækjum og að glussi leki niður bili glussaslöngur.

Í tilfelli þeirra vatnshlota sem framkvæmdin fer um telur Vegagerðin að áhrif á efnafræðilegt ástand verði óveruleg.

Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hættu á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Mótvægisáðgerðir

Almennt gildir fyrir ræsi og brýr á fyrirhuguðum vegi að þau verði hönnuð fyrir 100-ára flóð árvatns. Vatnsop verða því það stór að þau munu ekki hafa áhrif á vatnshæð og straumhraða þegar rennsli í ám og lækjum er nálægt meðalrennsli. Þegar mikil flóð eru í ánum verður vatnshæðin ofan vegar hærri en hún hefði orðið án vegar og útbreiðsla vatns því meiri ofan vegar eftir framkvæmd. Gæta skal að því að ræsi verði grafin niður um 10-20 % af þvermáli þeirra til að tryggja að jarðefni safnist í botn ræsanna og samfella haldist í farveginum.

Þar sem vegur þverar votlendi er mikilvægt að reyna að draga úr áhrifum vegar á grunnvatnsstöðu og yfirborðsrennsli eins og kostur er. Lagt er til að forðast sé að grafa nýja skurði og rásir. Setja þarf ræsi eða pípur í alla farvegi, skurði og lægðir þar sem vatn hefur runnið til að líkja sem best eftir náttúrulegu flæði, takmarka vatnsprýstingsmun ofan og neðan við veg og þannig takmarka áhrif á grunnvatnsstöðu.

Fyrirhugaður vegur fer ekki inn á vatnsverndarsvæði, mengunarstyrkur afrennslis vegar er lítill og vatnshlot ekki mjög viðkvæm fyrir mengun, því eru ekki gerðar sérstakar kröfur um hönnun mengunarvarna. Til að lágmarka áhættu á mengunarslysi á framkvæmdartíma er verktaka gert skylt að sinna viðhaldi og eftirliti véla og tækja með markvissum hætti. Útbúa skal sérstakt áfyllingarsvæði á landi þar sem áfylling olíu á vélar fer fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni, berist ekki í jarðveg utan við skilgreint svæði komi til óhappa. Sama gildi um geymslu á mengandi efnum á verktíma. Í kafla 7 eru nánari mótvægisáðgerðir tilgreindar.

Niðurstaða

Framkvæmdin verður í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun Íslands 2022 – 2027.

Vatnsop þurfa að vera nægjanlega stór og mörg til að hafa sem minnst áhrif á grunnástand vatnshæðar, straumhraða, setflutninga o.fl.

Í tilfelli þeirra vatnshlota sem framkvæmdin fer um telur Vegagerðin að áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand verði óveruleg. Einnig mun framkvæmd ekki hafa áhrif á magnstöðu grunnvatns.

Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hættu á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Að teknu tilliti til þess rasks sem nú þegar hefur orðið á svæðinu, og þess að engum jarðmyndunum sem njóta verndar verður raskað, þá telur Vegagerðin að áhrif á jarðmyndanir og vatnshlot við vegagerð og efnistöku verði óveruleg.

5.6 Vistgerðir og gróðurfar

Náttúrufræðistofnun Íslands skilgreinir og flokkar íslenskar vistgerðir. Vistgerðakort fyrir allt landið liggur fyrir í vefsíðu stofnunarinnar <https://vistgerdakort.ni.is/>.

Mynd 53 er af vistgerðum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og þar má sjá að mikið er um tún og akra sem hafa ekkert verndargildi. Ekki var ráðist í rannsókn á gróðurfari.

Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra <https://serstokvernd.ni.is/> eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sýnd votlendi sem eru stærri en 20.000 m² á láglendi og njóta því verndar. Samkvæmt landlýsingagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2019, sótt í maí 2024, eru votlendin í landi Vatnsdalshóla og í landi Helgavatns. Þeim hefur verið raskað áður með vegagerð, framræslu og landbúnaði:


- **Vatnsdalshólar.** Neðan vegar milli stöðva 1710-1780 og beggja vegna vegar milli stöðva 1780-1840 (teikning 4-2). Neðan vegar milli stöðva 2600-2650 og ofan vegar milli stöðva 2730-2740 (teikning 4-2). Samtals raskast 0,5 ha.
- **Helgavatn.** Neðan vegar milli stöðva 7160-7210 (teikning 4-4) og milli stöðva 7580-8250 (teikning 4-5). Einnig ofan vegar milli stöðva 8100-8140. Samtals raskast 0,6 ha.

Sumar af þeim vistgerðum sem eru við og á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafa hátt verndargildi og sumar eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 um vistgerðir sem þarfnast verndar.

Hér eru taldar upp þær gróðurvistgerðir sem skráðar eru við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Þær eru:

- | | |
|-------|---|
| L1.1 | Eyðimelavist, með lágt verndargildi. |
| L1.3 | Mosamelavist, með lágt verndargildi. |
| L1.4 | Víðimelavist, með lágt verndargildi. |
| L5.3 | Hraungambravist, með lágt verndargildi. |
| L8.6 | Runnamýravist á láglendi, með mjög hátt verndargildi . Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. |
| L8.9 | Starungsmýravist, með mjög hátt verndargildi . Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. |
| L9.1 | Stinnastaravist, með miðlungs verndargildi. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. |
| L9.4 | Snarrótarvist, með hátt verndargildi . Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. |
| L9.5 | Grasengjavist, með hátt verndargildi . Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. |
| L10.1 | Mosamóavist, með lágt verndargildi. |
| L10.2 | Flagmóavist, með lágt verndargildi. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. |
| L10.3 | Starmóavist, með miðlungs verndargildi. |

- L10.4 Grasmóavist, með **hátt verndargildi**. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- L10.5 Fléttumóavist, með miðlungs verndargildi.
- L10.6 Fjalldrapamóavist, með miðlungs verndargildi. Er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- L14.2 Tún og akurlendi.
- L14.3 Skógrækt, hefur ekkert verndargildi.
- L14.4 Alaskalúpína, hefur ekkert verndargildi.



↑ Mynd 53

Vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem sýnt er með rauðri línu (Vefsja Náttúrufræðistofnunar Íslands <https://vistgerdakort.ni.is/> sótt 31.05.2024. Skástrikuð svæði eru mikilvæg fuglasvæði.

Áhrif á vistgerðir og gróðurfar

Framkvæmdin fylgir núverandi vegi. Gróður sem lendir undir fyllingum eða í vegskeringum mun hverfa. Reiknað er með að græða upp allt rask á vegsvæði á grónum svæðum. Vegagerðin telur að áhrif á gróðurfar verði óveruleg.

Fyrirhuguð framkvæmd, þ.e. endurbygging núverandi vegar, mun hafa staðbundin bein áhrif á gróður. Um er að ræða svæði meðfram núverandi vegi, sem að stórum hluta hefur verið raskað áður með ræktun eða vegagerð. Votlendi sem er innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hefur áður verið raskað með vegagerð og framræslu.

Við frágang svæðisins mun Vegagerðin græða upp jafn stórt gróðursvæði og það sem raskast við framkvæmdina.

Áður en framkvæmdir hefjast verður metið og mælt hversu stóru gróðurlendi og votlendi verður raskað við þær framkvæmdir sem hér eru kynntar. Endurheimt votlendis í stað þess sem raskast verður í samráði við landeigendur og verkefnisstjóra Endurheimtar votlendis og vöktunar votlendisvistkerfa hjá Landi og skógum.

Undirbúningur framkvæmdar er ekki kominn á það stig að samið hafi verið við landeigendur um framkvæmdir né um endurheimt votlendis og því ekki hægt að greina frá því nú hvar votlendi verður endurheimt, auk þess sem samráð við Land og skóga hefur ekki farið fram. Vegagerðin stefnir á að hefja samráðsferlið þegar nær dregur framkvæmdatíma og að endurheimt votlendis fari fram sem næst framkvæmdasvæðinu. Við efnistöku úr námum verður tekið efni af þurru svæðum.

Uppgræðsla verður í samráði við Land og skóga, Umhverfisstofnun og landeigendur. Með góðri hönnun og skipulagi, auk vandaðra vinnubragða á framkvæmdatíma, verður stefnt að því að lágmarka áhrif á gróður og vistgerðir, sjá kafla 3.3.3. Við lok framkvæmda verður leitast við að beita uppgræðslu með staðargróðri og endurheimta votlendi í takti við það sem tapast. Möguleg mótvægisáðgerð við eyðingu gróðurs í öðrum vistgerðum er t.d. vistheimt á rofnu landi. Gripið verður til aðgerða til að forðast að rask vegna vegaframkvæmda stuðli að útbreiðslu framandi ágengra tegunda, eins og mörg dæmi eru um héraðs. ²⁷

5.7 Fuglar og spendýr

Villt spendýr á svæðinu eru eins og víðast hvar á landinu; minkar, refir og mýs.

Framkvæmdasvæðið fellur að hluta til innan mikilvægra fuglasvæða samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands <https://vistgerdakort.ni.is/>. Sökum þess að framkvæmdin vikur afar lítið út frá núverandi vegi og er víðast á mörkum mikilvæga fuglasvæðisins tók Vegagerðin ákvörðun um að ráðast ekki í fuglarannsóknir vegna hennar. Fjallað er um verndarsvæðið í kafla 1.7.

Áhrif á fugla

Í kafla 1.7. kemur fram að núverandi vegur liggi um mikilvægt fuglasvæði á 3,2 km löngum kafla.

Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands um áhrif Uxahryggjavegar á fuglalíf ²⁸ kemur fram að margar rannsóknir hafi farið fram erlendis á áhrifum vega á fuglalíf og ein hér á landi. Áhrif vega á fugla sé með þrennum hætti:

²⁷ Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, 2023.

²⁸ Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, 2023.

- Skerðing búsvæða vegna þess lands sem fer undir vegi
- Breytt dreifing fugla vegna fælingar eða að fuglar laðist að vegum
- Aukin dánartíðni vegna árekstrar

Niðurstaða íslensku rannsóknarinnar sýndi að þéttleiki mófugla var minnstur næst vegum og jókst marktækt upp að 400 m fjarlægð. Fjær var ekki skoðað. Einnig kom í ljós að áhrifin á þéttleika fugla voru meiri þar sem umferðapungi var mikill. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir þar sem ástæðan er ýmist talin sú að fuglar forðist vegi eða afföll valdi þéttleikamuninum. Engar rannsóknir eru til hér á landi um fjölda fugla sem drepast af völdum árekstra við bifreiðar.

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á því hvort vegir geti haft áhrif á stofna fugla sýna að áhrifin eru mjög misjöfn eftir tegundum og geta verið jákvæð eða neikvæð. Erlendis hefur verið sýnt fram á neikvæð áhrif vega á stofna jaðrakans, stelks, þúfuttittlings og steindepils. Þetta eru allt algengar mófuglategundir hérlandis en hafa ber í huga að aðstæður geta verið mjög misjafnar milli landa.²⁹

Endurbyggður Vatnsdalsvegur mun fylgja núverandi veglínu, nema á mjög stuttum köflum við Hnjúk og við Helgavatn þar sem hann liggur við hlið núverandi vegar. Því ætti skerðing búsvæða að verða lítil. Á móti kemur að gera má ráð fyrir að nýr og betri vegur leiði mögulega til bæði aukinnar umferðar og aukins umferðarhraða. Því getur fæling frá nýja veginum orðið meiri og árekstrartíðni aukist frá því sem nú er.

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Vegagerðin dregur þær ályktanir út frá þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum vega á fuglalíf, að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fuglalíf þar sem núverandi vegi er að mestu fylgt. Einnig er afar lítil umferð um veginn. Áhrif á spendýr eru metin óveruleg.

5.8 Fornleifar

Vegagerðin hafði samráð við minjavörð Norðurlands vestra um fornleifarannsókn vegna endurbyggingar Vatnsdalsvegar. Í kjölfarið var Fornleifastofnun Íslands fengin til að skrá fornleifar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Skráningin fór fram í júlí 2024 og er minnisblað um niðurstöðu þeirrar skráningar birt í greinargerð, fylgiskjali 3, sem ber heitið:

- *Minnisblað um fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra endurbóta á Vatnsdalsvegi.*³⁰

Fyrirhugað er að lokaskýrsla Fornleifastofnunar Íslands um rannsóknina liggi fyrir í janúar 2025, og verður þá haft samráð við Minjastofnun Íslands um mögulegar mótvægisáðgerðir.

Þær jarðir sem komu við sögu í fornleifaskráningunni eru: Sveinsstaðir, Vatnsdalshólar, Miðhús, Breiðabólstaður, Hnjúkur, Helgavatn, Flaga, Gilsstaðir, Kornsa og Undirfell (með nýbýlinu Nautabúi).


Að auki voru tekin út fjögur möguleg námusvæði við Vatnsdalsveg; tvær stærstu skeringarnar í Vatnsdalshólum, Hnjúksnáma og Nautabúsnáma. Möguleg efnistaka úr Brekkukotsnámu lá ekki fyrir þegar rannsóknin fór fram og Hnjúksnáma og

²⁹ Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, 2023.

³⁰ Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2024.

Nautabúsnáma voru stækkaðar eftir að fornleifarannsókn fór fram. Ráðast þarf í frekari rannsóknir á mögulegum fornleifum á námusvæðum þegar efnistökusvæði hafa verið afmörkuð nákvæmlega, áður en framkvæmdir hefjast.

Alls var skráð 51 fornleif á 37 minjastöðum innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Minjarnar á rannsóknarsvæðinu eru fjölbreyttar og hægt er að skipta þeim í níu flokka til þess að draga fram helstu einkenni þeirra. Langstærsti flokkurinn er minjar í heimatúnum (22 fornleifar) og endurspeglar það hversu nærri bæjum í dalnum Vatnsdalsvegur liggur víða, en úttektarsvæðið náði inn á heimatún flestra jarðanna eins og þau eru teiknuð á túnakort frá 1918, að Sveinsstöðum, Miðhúsum og Breiðabólstað frátöldum. Jafnframt er þéttni minja ávallt mest í heimatúnum jarða. Í þennan flokk falla útihús s.s. fjárhús, fjós og hesthús, túngarðar, réttir og brunnar. Næst stærsti flokkur minja á úttektarsvæðinu er samgönguminjar (12 fornleifar) en í þann flokk falla leiðir, traðir, brýr og samgöngubætur (s.s. vörður).



↑ **Mynd 54**
Skipting skráðra minja í flokka (Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2024).

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru að frátöldum þeim fornleifum þar sem ljóst þótti að öll ummerki um minjarnar innan úttektarsvæðisins væru horfnar, bæði á yfirborði og undir sverði. Um er að ræða þrjár fornleifar: landamerkjavörðu HV-178:011 og leiðir HV-180:012 og HV-661:004_01. Alls 30 fornleifar innan úttektarsvæðisins töldust í stórhættu vegna vegagerðar. Fornleifar innan við 15 m utan svæðis voru taldar í hættu og voru þær tíu talsins. Fornleifar lengra utan svæðis voru almennt ekki skráðar nema þær væru hluti af stærri minjasvæðum sem náðu inn á úttektarsvæðið, eða mögulegt þótti að gæti náð inn á úttektarsvæðið, sbr. kumlateig á Kornsa. Þær átta fornleifar sem falla í þennan flokk teljast í engri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, en geta verið í hættu af öðrum orsökum.

Yfirborðsummerki sáust um 18 fornleifar, eða 35,3% af skráðum minjum. Fjöldi horfinna minja skýrist að miklu leyti af túnasléttun og fyrri vegaframkvæmdum á svæðinu. Þegar litið er til fornleifa sem lenda undir eða eru alveg upp við fyrirhugað

vegstæði Vatnsdalsvegur sem samtals eru 16 talsins, má sjá að yfirborðsummerki sjást aðeins í fimm tilfellum. Um er að ræða fjórar eldri leiðir auk Stekkjarhóls HV-191:011 í landi Gilsstaða. Ekki sjást þó merki um stekk á hólnum en mögulegt er að hóllinn sjálfur sé að hluta myndaður af uppsafnaðri mannvist. Af þeim fornleifum sem ekki sjást lengur á yfirborði eru tvær leiðir, tveir kálgarðar, fimm útihús af ýmsum gerðum (fjárhús, fjós, hesthús), rjómabú HV-192:026 við Kornsa og Ingólfsleiði HV-191:008 í landi Gilsstaða. Flestar þessara minja hafa að öllum líkindum horfið við fyrri vegaframkvæmdir á svæðinu. Í mörgum tilvikum er þó mögulegt að minjar leynist undir sverði þrátt fyrir að ekkert sjáist á yfirborði og verður Minjastofnun Íslands að skera úr um hvort mótvægisáðgerða sé þörf. Öðrum fornleifum innan svæðisins ætti að vera hægt að forða frá raski verði engar breytingar frá áætlunum og aðgát höfð við framkvæmdir.

Engar minjar fundust innan námusvæða. Hafa ber þó í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við framkvæmdir, hvort sem er á námusvæðum eða við vegstæði Vatnsdalsvegur, og skal þá hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um fundinn.

Í töflu 8 er að finna lista yfir niðurstöðu fornleifaskráningarinnar á Vatnsdalsvegi. Á meðfylgjandi teikningum sést staðsetning fornleifa.

Í töflunni kemur fram tegund, hlutverk, ástand og hættumat hverrar fornleifar. Nánari umfjöllun má finna í fylgiskjali 3.

↓ Tafla 8

Skráðar fornleifar, ástand og hættumat. Fornleifar í stórhættu eru merktar gulbrúnar.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Ástæða
HV-173:029		heimild	rista	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-173:037		tóft	óþekkt	hleðslur signar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-173:038		heimild	óþekkt	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-174:004		þúst	útihús	sést til	hætta	vegna vegagerðar
HV-174:007	Brunnhúshóll	brunnur	vatnsból	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-174:012		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-178:011		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar	á ekki við	
HV-179:014		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-180:002		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-180:003_01		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-180:003_02		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-180:004	Lambhús	heimild	lambhús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-180:008		tóft	stekkur	hleðslur signar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-180:012		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	á ekki við	
HV-190:001_01	Flaga	bæjarhóll	bústaður	sést til	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-190:001_02		hús	bústaður	undir þaki	engin hættu	
HV-190:001_03		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-190:012	Engjabrúin	vegur	brú	hleðslur standa grónar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-190:017		garðlag	túngarður	hleðslur signar	stórhætta	vegna vegagerðar

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Ástæða
HV-191:008	Ingólfsleiði	heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-191:011	Stekkjjarhóll	þúst	stekkur	sést til	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-191:015		garðlag	túngarður	hleðslur signar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-192:004_01		bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	vegna vegagerðar
HV-192:004_02		hús	bústaður	undir þaki	engin hætta	
HV-192:004_03		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-192:004_04		heimild	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-192:004_05		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-192:005		heimild	fjós	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-192:007		heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-192:008		heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-192:009		heimild	rétt	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-192:010		heimild	leið	sést til	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-192:011_01		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-192:011_02		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-192:011_03		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna ábúðar
HV-192:026		heimild	rjórabú	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-193:004		heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-193:006		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-193:007_01	Hringhóll	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-193:007_02		heimild	túngarður	sést til	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-193:007_03		heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	hætta	vegna vegagerðar
HV-193:033		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-193:034		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-193:036		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-193:037		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-661:003		gata	leið	sést til	stórhætta*	vegna vegagerðar
HV-661:004_01		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	á ekki við*	
HV-661:004_02		varða	samgöngubót	hleðslur signar	hætta	vegna vegagerðar
HV-661:004_03		varða	samgöngubót	hleðslur signar	hætta	vegna vegagerðar
HV-661:004_04		varða	samgöngubót	hleðslur signar	stórhætta	vegna vegagerðar
HV-671:008		vegur	leið	sést til	stórhætta*	vegna vegagerðar

*Fornleif er undir eða þétt við fyrirhugað vegstæði.

Áhrif á fornleifar

Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að gefa lokamat og taka ákvörðun um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

Vegagerðin mun hafa samráð við Minjastofnun Íslands vegna fornleifa á svæðinu. Óskað verður eftir leyfi hjá Minjastofnun vegna þeirra fornleifa sem nauðsynlegt reynist að raska. Farið verður eftir tilmælum Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir að aðrar fornleifar raskist og um frekari rannsóknir ef þess gerist þörf.

Gera má ráð fyrir að skráðar fornminjar innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis, eða hafa hátt verndargildi, verði merktar á áberandi hátt og kynntar í útboðsgögnum til að koma í veg fyrir að þær verði skemmdar af vangá. Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.

Vegagerðin telur að ekki sé hægt að komast hjá því að raska eftirtöldum fornleifum og verður óskað eftir leyfi Minjastofnunar Íslands til að raska þeim. Þær fimm minjar sem sjást á yfirborði eru gulmerktar:

- **HV-180:002** heimild, útihús, ekki sést til fornleifar
- **HV-190:012** Engjabrúin, vegur, brú, hleðslur standa grónar
- **HV-191:008** Ingólfsleiði, heimild, legstaður, ekki sést til fornleifar
- **HV-191:011** Stekkjarhóll, þúst, stekkur, **sést til**
- **HV-192:005** heimild, fjós, ekki sést til fornleifar
- **HV-192:007** heimild, fjárhús, ekki sést til fornleifar
- **HV-192:008** heimild, hesthús, ekki sést til fornleifar
- **HV-192:010** heimild, leið, sést til
- **HV-192:026** heimild, rjórnabú, ekki sést til fornleifar
- **HV-193:006** heimild, útihús, ekki sést til fornleifar
- **HV-193:033** heimild, kálgarður, ekki sést til fornleifar
- **HV-193:034** heimild, kálgarður, ekki sést til fornleifar
- **HV-193:037** heimild, leið, ekki sést til fornleifar
- **HV-661:003** gata, leið, sést til
- **HV-661:004_001** vegur, leið, ekki sést til fornleifar
- **HV-671:008** vegur, leið, sést til

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.


6 Veðurfar og náttúruvá

6.1 Veðurfar

Veðurfar í Húnavatnshreppi er breytilegt og fer eftir landslagi, afstöðu fjalla og hæð og stefnu strandlengju. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á láglendi. Vegagerðin hefur skráð varasama staði á vegakerfinu m.t.t. sandfoks og vindhviða. Enginn slíkur staður er innan framkvæmdasvæðisins. Næsti veðurathugunarstaður er á Brúsastöðum í Vatnsdal, skammt innan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Vegagerðin hefur ekki aflað upplýsinga um veðurathuganir þaðan.

Í kafla 2.2 kemur fram að á fyrirhuguðum framkvæmdakafla hafi verið erfiðleikar á undanförunum árum í leysingum á þremur stöðum. Þeir eru:

- **Í grennd við Flóðvang** en þar hafa ræsi á Þórdíslæk ekki flutt nóg vatn og vatn stundum staðið á vegi.
- **Við Helgavatn** fyllist vegrásin meðfram vegi stundum af vatni sem hefur í för með sér að vatn situr á vegi (Mynd 52).
- **Við Flögu** eru stundum vandræði með háa vatnsstöðu þannig að vegrásin meðfram vegi fyllist af vatni og vatn situr á vegi (Mynd 44).



Ráðist er í endurbyggingu vega m.a. til að ráða bót á vandamálum sem skapast vegna veðurfars, t.d. snjósöfnun á veg og að vatn sitji á vegi.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi engin áhrif á veðurfar, en að loknum framkvæmdum verði Vatnsdalsvegur öruggari þegar verulega dregur úr hættu á að vatn sitji á veginum og að snjór safnist á hann.

← Mynd 55

Vindrósir fyrir fyrirhugað framkvæmdasvæði (vindatlas.vedur.is).

6.2 Náttúruvá

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum. Í greinargerð með aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 kemur fram að í Vatnsdal er hætt við skriðuföllum úr Vatnsdalsfjalli, úr Hjallaskarði og þar fyrir norðan um hálfa leið að Hvammstjörn einnig úr Tungumúla sjá Mynd 3. Þá hafa flóð komið í Vatnsdalsá sunnan Undirfells sem valdið hafa usla á láglendi.

Skriður hafa fallið úr Vatnsdalsfjalli á svæðinu frá jarðamörkum Hnauða og Bjarnastaða og fram fyrir læk sem er töluvert sunnan við bæinn á Hjallalandi.³¹

Falli skriður út í Flóðið geta þær haft áhrif á mannvirki og þar með talið Vatnsdalsveg, bæði í dalnum austan- og vestanverðum. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á þennan umhverfispátt.

³¹ Landmótun, 2010.

7 Mót vægis aðgerðir

Að loknum framkvæmdum verður kominn góður vegur með klæðingu á milli Hringvegar og Undirfellsréttar.

- Nýr vegur er hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi. Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við skilgreint framkvæmdasvæði vegar og náma og verður allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verktíma.
- Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins, útskot löguð og gert reiðfært meðfram vegi þar sem núverandi reiðleið liggur meðfram honum.
- Vegagerðin mun reyna að byggja veginn í sátt við landeigendur. Samráð verður haft við landeigendur um framkvæmdir og leitast við að raska búskapi og hvers konar atvinnustarfsemi á svæðinu sem minnst. Landeigendum verða greiddar bætur fyrir efni sem notað verður til vegagerðar og það land sem lendir undir vegarframkvæmdum.
- Á nokkrum stöðum þarf að raska girðingum. Þar sem hróflað verður við þeim verður það gert í samráði við landeigendur og girt að nýju eins fljótt og auðið er.
- Ef byggð verða undirgöng fyrir búfé verður staðsetning, landmótun og frágangur vegna þess í samráði við landeigendur.
- Reynt verður að skerða lítt röskuð gróðurlendi sem minnst. Til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á gróðurfur, verður efsta lag jarðvegs, svarðlag sem fellur til í vegstæði og í námum varðveitt og nýtt aftur við frágang svæðis sjá kafla 3.3.3.
- Við frágang á röskuðum svæðum verður reynt að ganga þannig frá skeringum og námum að ekki verði hætta á rofi. Jaðrar framkvæmdasvæða verða aðlagðir að landinu umhverfis. Jarðvegi og gróðri verður haldið til haga og jafnað yfir röskuð svæði eins fljótt og kostur er.
- A.m.k. jafn mikið gróðurlendi og raskast við framkvæmdirnar verður grætt upp. Við frágang vegarins verða skeringar og fyllingar lagaðar að landinu umhverfis. Reynt verður að ganga vel frá jöðrum framkvæmdasvæða til að gera sárin í landinu sem minnst áberandi. Öll svæði við hlið vegar, s.s. vegkantar, skeringar, aflagðir vegkaflar og námusvæði, verða jöfnuð og grædd upp þar sem við á að verki loknu í samráði við landeigendur, Land og skóga og Umhverfisstofnun eftir því sem við á. Við uppgræðslu þar sem það á við, verður tekið mið af grenndargróðri.
- Við val á aðferðum við endurheimt staðargróðursins verður tekið mið af umhverfisaðstæðum en mismunandi uppgræðsluaðferðir geta hentað mismunandi svæðum. Nýttar verða upplýsingar um uppgræðslu í tengslum við framkvæmdir sem er að finna í riti Landbúnaðarháskóla Íslands, Vegvist.
- Á þeim tæplega 300 m kafla sem núverandi vegur liggur meðfram Flóðinu verða nýir vegfláa hafðir eins brattir og hægt er og vegrið meðfram vegi beggja vegna, til að draga úr hættu á að Flóðinu verði raskað.

- Almennt gildir fyrir ræsi á fyrirhuguðum vegi að þau verði hönnuð fyrir 100-ára flóð árvatns. Vatnsop verða því það stór að þau munu ekki hafa áhrif á vatnshæð og straumhraða þegar rennsli ám og lækjum er nálægt meðalrennsli. Þegar mikil flóð eru í ánum verður vatnshæðin ofan vegar hærri en hún hefði orðið án vegar og útbreiðsla vatns því meiri ofan vegar eftir framkvæmd. Gæta skal að því að ræsi verði grafin niður um 10-20 % af þvermáli þeirra til að tryggja að jarðefni safnist í botn ræsanna og samfella haldist í farveginum.
- Þar sem vegur þverar votlendi er mikilvægt að reyna draga úr áhrifum vegar á grunnvatnsstöðu og yfirborðsrennsli eins og kostur er. Lagt er til að forðast sé að grafa nýja skurði og rásir. Setja þarf ræsi eða pípur í alla farvegi, skurði og lægðir þar sem vatn hefur runnið til að líkja sem best eftir náttúrulegu flæði, takmarka vatnsþrýstingsmun ofan og neðan við veg og þannig takmarka áhrif á grunnvatnsstöðu.
- Votlendi verður endurheimt í stað þess sem raskast í samráði við landeigendur og verkefnisstjóra Endurheimtar votlendis og vöktunar votlendisvistkerfa hjá Landi og skógum.
- Fyrirhugaður vegur fer ekki inn á vatnsverndarsvæði, mengunarstyrkur afrennslis vegar er lítill og vatnshlot ekki mjög viðkvæm fyrir mengun, því eru ekki gerðar sérstakar kröfur um hönnun mengunarvarna meðfram nýjum vegi. Til að lágmarka áhættu á mengunarslysi á framkvæmdartíma er verktaka gert skylt að sinna viðhaldi og eftirliti véla og tækja með markvissum hætti. Útbúa skal sérstakt áfyllingarsvæði á landi þar sem áfylling olíu á vélar fer fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni, berist ekki í jarðveg utan við skilgreint svæði komi til óhappa. Sama gildi um geymslu á mengandi efnum á verktíma.
- Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda verður farið eftir tilmælum Minjastofnunar Íslands um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.
- Ráðast þarf í frekari rannsóknir á mögulegum fornleifum á námusvæðum þegar efnistökusvæði hafa verið afmörkuð nákvæmlega, áður en framkvæmdir hefjast. Fornminjar sem eru innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar verða kynntar í útboðsgögnum og merktar á áberandi hátt eða girtar af áður en framkvæmdir hefjast í samráði við Minjastofnun Íslands. Öll umferð vinnuvéla verður bönnuð innan þeirra svæða. Þá verður ekki leyfilegt að hafa vinnuskúra og/eða efnageymslur í grennd við fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.
- Við lok framkvæmda verður reynt að gera ummerki framkvæmdanna í landinu eins lítið áberandi og kostur er.

7.1 Samráðsaðilar

Samráð verður haft við eftirtalda aðila:

- **Skipulagsstofnun**, varðandi tilkynningu framkvæmdarinnar.
- **Umhverfisstofnun**, um efnistöku, uppgræðslu og frágang á svæðinu.

- **Land og skóga**, um endurheimt votlendis, uppgræðslu og frágang á svæðinu.
- **Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra**, varðandi leyfi til atvinnureksturs sem getur valdið mengun.
- **Minjastofnun Íslands**, vegna fornleifa á svæðinu.
- **Rarik**, vegna framkvæmda í grennd við jarðstrengi.
- **Milu ehf**, vegna framkvæmda í grennd við fjarskiptalagnir á svæðinu.
- **Húnanet ehf**, vegna framkvæmda í grennd við ljósleiðara á svæðinu.
- **Sveitarfélagið Húnabyggð**, varðandi framkvæmdaleyfi.
- **Landeigendur**, um endurheimt votlendis, efnistöku, framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu og mögulega staðsetningu búfjárræsa.

8 Niðurstaða

Vatnsdalsvegur er 46,5 km langur. Hann liggur frá Hringvegi í Vatnsdal vestanverðum að Hringvegi í dalnum austanverðum. Sá kafla Vatnsdalsvegur (722) milli Hringvegur (1-k8) og Undirfellsréttar sem á að endurbyggja er 14,9 km langur. Fyrirhugað framkvæmdasvæði hefst við Sveinsstaðarétt sem er við Hringveginn og endar við Undirfellsrétt.

Um er að ræða endurbyggingu vegar á sama stað til að bæta samgöngur. Tilkynna þarf framkvæmdina til Skipulagsstofnunar í samræmi við 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 því hún er lengri en 5 km. Auk þess verða framkvæmdir innan verndarsvæða. Þær verða innan tveggja svæða á náttúruminjasrá; svæðis nr. 407 Vatnsdalshólar og svæðis nr. 408 Eylendið, Flóðið og Húnavatn, en svæðin skarast við Vatnsdalshóla. Framkvæmdir verða í grennd við Kattarauga sem er friðlýst svæði og innan alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis, Hóp Vatnsdalur. Skráðar voru fornleifar meðfram vegi og á námusvæðum en aðrar rannsóknir liggja ekki fyrir.

Áhrif á mannlíf, útivist og ferðamennsku

Á framkvæmdatíma verða neikvæð áhrif á mannlíf, útivist og ferðamennsku vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Vegagerðin telur að áhrifin á framkvæmdatíma verði óveruleg en að framkvæmdum loknum verði jákvæð áhrif vegna öruggari og betri samgangna og vegna minna ryks frá vegi.

Áhrif á heilsu og öryggi

Á framkvæmdatíma eykst umferðarhávaði, loftmengun og hætta á mengunarslysum á framkvæmdasvæðinu vegna umferðar vinnuvéla. Að loknum framkvæmdum verður minni umferðarhávaði en nú vegna klæðingar í stað malarslitlags og hætta á mengunarslysum verður minni.

Samgöngur um Vatnsdalsveg verða öruggari þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur. Endurbyggður vegur verður aðeins breiðari en núverandi vegur, með betri hæðar- og planlegu og bundnu slitlagi. Framkvæmdir verða að mestu innan núverandi vegsvæðis, nema við Helgavatn, þar sem vegurinn færir til hliðar um 6 m og við nýja heimreið að Hnjúki þar sem vegurinn færir til hliðar um 20 m. Engin breyting verður á vegalengdum. Ræsi í veginum verða endurnýjuð og vegkantar gerðir meira aflíðandi, þannig að þeir séu ekki brattari en 1:3, nema þar sem vegfláar ná út í Flóðið og vegrið verða meðfram vegi. Við þessar aðgerðir verður minni hætta á snjósöfnun á veg, minni hætta á að vatn standi á vegi og umferðaröryggi meira.

Landnotkun

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um því núverandi vegi verður fylgt nema á stuttum köflum við Hnjúk og Helgavatn.

Samráð verður við veitufyrirtæki ef hætta er á að rafstrengir og fjarskiptastrengir geti raskast. Einnig verður samráð við landeigendur um bætur vegna rasks á girðingum, túnnum og beitolöndum og skertum efnistökmöguleikum.

Landslag og ásjón

Framkvæmdasvæði nýs vegar verður ekki umfangsmikið og Vegagerðin telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði óveruleg. Landslagsmyndin breytist lítilsháttar með endurbyggðum vegi. Við hönnun vegarins er lögð áhersla á að mannvirkið falli vel að landi. Efnistaka úr námum mun hafa varanleg áhrif á landslagið en gert er ráð fyrir að áhrifin verði að mestu tímabundin þar til gróður á röskuðum svæðum hefur náð sér á strik.

Jarðmyndanir og vatnshlot

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir á svæðinu. Einnig telur hún að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnshlot á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma. Áhættan er mest þar sem Vatnsdalsvegur liggur meðfram Flóðinu.

Að loknum framkvæmdum verður hætta minni en í dag vegna öruggari vegar því hætta á útafakstri minnkar.

Vatnsop verða nægjanlega stór og mörg til að hafa sem minnst áhrif á grunnástand vatnshæðar, straumhraða, setflutninga o.fl.

Í tilfalli þeirra vatnshlota sem framkvæmdin fer um telur Vegagerðin að áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand verði óveruleg. Einnig muni framkvæmdir ekki hafa áhrif á magnstöðu grunnvatns.

Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hætta á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Vistgerðir og gróðurfar

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg áhrif á vistgerðir eða gróðurfar svæðisins. Rask verður meðfram núverandi vegi á svæði sem þegar hefur verið raskað. Gróður sem lendir undir fyllingum eða í vegskeringum mun hverfa en reiknað er með að græða upp allt rask á vegsvæði á grónum svæðum. Helstu áhrif á vistgerðir og gróðurfar verða á námusvæðum sem hafa ekki verið nýtt áður.

Fyrirhugaðar vegabætur munu raska votlendissvæðum en þeim hefur áður verið raskað með framræslu og vegagerð. Stærð gróðursvæða og votlendis sem raskast verður mæld áður en framkvæmdir hefjast og gróður og votlendi endurheimt í stað þeirra. Stærri votlendi verður endurheimt en það sem raskast í samráði við landeigendur og verkefnisstjóra hjá Landi og Skógum.

Fuglar og spendýr

Vatnsdalsvegur liggur um mörk mikilvægs fuglasvæðis á 3,2 km löngum kafla. Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Vegagerðin dregur þær ályktanir út frá þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum vega á fuglalíf, að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fuglalíf þar sem núverandi vegi er að mestu fylgt. Áhrif á spendýr eru metin óveruleg.

Fornminjar

Samráð var við Minjavörð Norðurlands vestra um rannsóknþörf vegna framkvæmdarinnar. Í kjölfarið var Fornleifastofnun Íslands fengin til að skrá fornleifar meðfram vegi og á mögulegum námusvæðum.

Fornleifar á svæðinu hafa verið skráðar nema á nokkrum hluta námusvæða. Ráðast þarf í frekari rannsóknir á mögulegum fornleifum á námusvæðum þegar efnistökusvæði hafa verið afmörkuð nákvæmlega, áður en framkvæmdir hefjast.

Engar friðaðar fornleifar voru skráðar innan áhrifasvæðisins. Svo virðist sem óhjákvæmilegt sé að raska 5 fornleifum og mun Vegagerðin hafa samráð við Minjastofnun Íslands vegna þeirra. Farið verður eftir tilmælum Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir að aðrar fornleifar raskist og um frekari rannsóknir ef þess gerist þörf.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Veður og Náttúruvá

Framkvæmdin miðar að því að auka öryggi íbúa á svæðinu, m.a. með tilliti til minni snjósöfnunar á veg og náttúruvár og því verða samgöngur öruggari. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á veður en jákvæð áhrif á náttúruvá á svæðinu því hún mun draga úr hættu á að vegurinn lokist.

Umræður

Núverandi vegur óbreyttur er ekki valkostur því hann uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi. Endurbyggður vegur verður greiðfærari og öruggari en núverandi vegur.

Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd og sú efnistaka sem henni fylgir muni ekki hafa umtalsverð áhrif á umhverfið vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst, mótvægisáðgerðum verður beitt og haft samráð við ýmsa aðila.

9 Heimildir

Aðalsteinn Örn Snæpórsson og Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, 2023: Fuglalíf við Uxa-hryggjaveg. Unnið af Náttúrustofu Norðausturlands fyrir Vega-gerðina, Húsavík, apríl 2023, 17 bls.

Anna Heiður Eyðisardóttir og Magnús Bjarklind, 2015: Öryggi vatnasvæða í nágrenni vega. Aðgerðir og viðbrögð til að vernda vatnasvæði og lágmarka mengunarhættu. Unnið fyrir Vegagerðina. 26 bls.

Efla. Bergrós Arna Sævarsdóttir, Iðunn Daníelsdóttir og Sigurður Bjarnason, 2023: *Hvernig má nýta VegLCA við hönnun og gerð íslenskra samgögnu-mannvirkja?* Verkefni styrkt af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Mannvit, mars 2023, 21 bls.

Efla. 2021: *Mat á mengunarhættu vegna umferðar um vatnsverndarsvæði.* <https://efla-engineers.maps.arcgis.com/apps/MapSeries/index.html?appid=50a552356f2e48c08c2b86c8b8c8f572> (9. ágúst 2021).

Efla, 2020: *Landslag á Íslandi, flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu.* Skýrslan_Lokaeintak-2-.pdf (skipulag.is). Unnið fyrir Skipulagsstofnun, Reykjavík. Útgefið 17.11.2020. 79 bls.

Feykir, 2023: *Skúlahóll í Vatnsdal er magnaður útsýnisstaður.* Sótt 10.05.2024. á heimasíðuna www.feykir.is frétt frá 13.07.2023.

Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústadóttir, 2023. Vegabætur á Uxahryggjaleið frá Brautartungu að Kaldadalssvegi. Gróðurannsóknir vegna fyrir-hugaðra framkvæmda. Náttúrustofa Austurlands. NA-230245. Júní 2021. Unnið fyrir Vegagerðina. 26 bls.

Hagstofa Íslands, 2024: *Tölur um mannfjölda á Íslandi.* Sótt í maí á heimasíðu www.hagstofa.is.

Heimasíða Landssambands veiðifélaga, www.angling.is Upplýsingar um Vatnsdalsá. Sótt 3. Júní 2024.

Húnabyggð, 2024: Sótt í maí á heimasíðu www.hunabyggd.is

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstj.) (2016). *Vist-gerðir á Íslandi.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær.

Landmótun, 2010: *Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022. Greinargerð.* Unnið fyrir Húnavatnshrepp, 8. Nóvember 2010. 83 bls.

Markaðsstofa Norðurlands, 2021: *Áfangastaðaáætlun Norðurlands. Okkar áfanga-staður.* Unnið af Markaðsstofu Norðurlands 2020 (uppfært 2023) í samstarfi við Ferðamálastofu. 84 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024: Sótt í maí á heimasíðu www.ni.is og kortasjár

<https://serstokvernd.ni.is/> <https://vistgerdakort.ni.is/>

Tómas Einarsson og Helgi Magnússon (ritstjórar), 1989: *Íslandshandbókin, náttúra, saga og sérkenni*. Örn og Örlygur.

Umhverfisstofnun, 2018: *Kattarauga, Húnavatnshreppi. Stjórnunar og verndaráætlun 2018-2027*. Dags. apríl 2018, 15 bls.

Umhverfisstofnun, 2024: Upplýsingar um friðlýst svæði og náttúruminjaskrá. Sótt í maí á heimasíðu www.ust.is.

Umhverfisstofnun, 2022: *Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022-2027*. 68 bls.

Umhverfisstofnun, 2021: *Vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027*. 50 bls.

Vatnavefsjá, 2022: Hvað er vatnshlot? <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbodyinfo>

Vefsja Ferðamálastofu, 2024: Sóttar upplýsingar í maí 2024 á

<https://geo.alta.is/fms/stadir/>

Wikipedia, 2024: Upplýsingar um Vatnsdal sótt á heimasíðu www.wikipedia.org/

10 Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1:** *Vatnsdalsvegur (722). Mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlot.*
Hönnunardeild. Vegagerðin apríl 2024, 10 bls.
- Fylgiskjal 2:** *Minnisblað. Vatnsdalsvegur (722-01) – Áætluð efnistökusvæði.*
Erla Dóra Vogler. Vegagerðin nóvember 2024, 4 bls.
- Fylgiskjal 3:** *Minnisblað um fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra endurbóta á Vatnsdalsvegi.*
Kristjana Vilhjálmsdóttir. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík september 2024, 20 bls.

11 Teikningar

- Teikning 1. Vegagerðin, (2024):

Afstaða, fyrirhugað framkvæmdasvæði, mkv. 1:400.000.
- Teikning 2. Vegagerðin, (2024):

Yfirlit, mkv. 1:75.000.
- Teikning 3. Vegagerðin, (2024):

Yfirlit, staðsetning grunnmynda í 1:5.000, mkv. 1:50.000.
- Teikning 4. Vegagerðin, (2024):

Grunnmyndir og umhverfispættir, mkv. 1:5.000. 8 blöð.
- Teikning 5. Vegagerðin, (2024):

Möguleg námusvæði. mkv. 1:2.000. 4 blöð.